

VÍSINDI, NÝSKÖPUN OG SAMFÉLAG

Vannýttur mannauður í útlöndum

Skýrsla um íslenska doktora á erlendri grundu

Páll Rafnar Þorsteinsson



Skýrsla þessi er unnin fyrir Rannís
með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.
Umsjónarmaður var Ásdís Jónsdóttir.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	4
INNGANGUR	5
AÐFERÐ	8
MARKMIÐ OG LEIÐIR: HVERNIG VERÐUR STARFSFERILL TIL?	10
<i>Faglegir þættir</i>	10
<i>Félagslegir þættir</i>	14
RÖMM ER SÚ TAUG	17
ERU TÆKIFÆRIN FYRIR HENDI?	21
<i>Háskóli Íslands</i>	22
<i>Umsóknarferli, ráðningar og framgangur</i>	25
<i>Stofnanir, atvinnulíf og akademía: Gjá milli geira?</i>	28
STARFSUMHVERFI, FJÁRMÖGNUN OG AÐSTAÐA TIL RANNSÓKNA	34
<i>Aðgangur að efniviði (fjármögnun)</i>	34
<i>Tóm til að sinna rannsóknum</i>	38
<i>Fræðasamfélag</i>	40
<i>Að vera innlyksa á Íslandi</i>	42
SAMFÉLAG OG ÞJÓÐFÉLAGSUMRÆÐA	44
HVERT STEFNIR?	49
TIL UMHUGSUNAR	52
HEIMILDIR	62

Ágrip

Margir íslenskir fræðimenn flengjast á erlendri grundu að loknu doktorsnámi en lítið er vitað um hagi þessa fólks og tengsl þeirra við Ísland og íslenskt vísindasamfélag. Til þess að bæta úr þeim upplýsingaskorti hefur RANNÍS framkvæmt eftirfarandi rannsókn á högum íslenskra doktora erlendis. Verkefnið hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna og var Páll Rafnar Þorsteinsson ráðinn til þess að annast framkvæmd þess. Verkefnið byggir á viðtölum við íslenska fræðimenn sem starfað hafa erlendis. Viðtölin benda m.a. til þess að félagslegir og menningarlegir þættir móti val á starfsvettvangi, ekki síður en faglegir þættir. Fram kemur að íslenskir fræðimenn á erlendri grundu tengjast heimalandinu sterkum tilfinningalegum böndum en, jafnframt, að lítið fer fyrir faglegum tengslum við vísindasamfélagið á Íslandi. Þá virðast margir hafa áhuga á því að auka sambandið með einhverju móti, en telja sig mæta margvíslegum hindrunum í því sambandi, svo sem skorti á krefjandi atvinnutækifærum, aðstöðu til rannsóknastarfa og ónógum áhuga á menntun og fræðimennsku. Niðurstöður eru þær að íslenskt samfélag geti í ríkari mæli virkjað þann mannaúð sem býr í doktorsmenntuðum íslendingum, landi og þjóð til hagsældar, bæði með því að bæta umhverfið heima fyrir og einnig með því að styrkja og nýta betur tengsl við þá sem starfa við erlendar stofnanir. Margt má betur fara en sóknarfærin eru að sama skapi mörg.

Inngangur

Markmið rannsóknarinnar sem gerð verður grein fyrir í þeirri skýrslu sem hér fer á eftir, er að kanna hagi doktorsmenntaðra Íslendinga sem flengst hafa erlendis að námi loknu. Leitast verður við að varpa ljósi á þróun starfsferils þeirra, markmið og upplifun af starfi, en sérstök áhersla verður lögð á sýn þeirra á Ísland og íslenskt fræðasamfélag. Loks verður þess freistað að þróa hugmyndir um það hvernig gera megi Ísland aðlaðandi fyrir fólk sem stendur framarlega á sviði vísinda á alþjóðlegum mæli-kvarða.

Doktorsgráða er æðsta metorðastig sem menntastofnanir veita, en doktorsnámið er fyrst og fremst hugsað sem þjálfun og undirbúningur fyrir sjálfstæðar rannsóknir og miðar að nýsköpun á sviði vísinda. Hlutverk doktorsnáms hefur verið útlistað á þann veg að það miði að því að skapa „ráðsmenn fagsviðanna“.¹ Hlutverk ráðsmannsins er þriðætt og tekur til sköpunar, varðveislu og þróunar þekkingar.

Handhafi doktorsgráðu skyldi vera fær um að skapa nýja þekkingu og verja fullyrðingar, sem gera tilkall til nafnbótarinnar gegn áskorunum og gagnrýni; að varðveita þýðingarmestu hugmyndir og uppgötvanir sem eru arfleifð [vísinda-]starfs í sögu bæði og samtíma; og að þróa þá þekkingu, sem sköpuð hefur verið og varðveitt í áhrifaríka kennslufræði framtaks, skilnings og framkvæmdar. Ennfremur skyldi ráðsmaður hafa skilning á því hvernig fagsviðið tengist vitsmunalegu landslagi, bera virðingu fyrir og hafa skilning á spurningum og viðmiðum annarra greina, auk þess að skilja hvernig þeirra eigin grein geti tekið á mikilvægum álitamálum.²

Á umliðnum áratugum hafa tengsl milli þróunar kennilegrar þekkingar og hagvaxtar hlotið víðtæka viðurkenningu. Í þekkingarsamfélagi nútímans er fyrir öllu að vera í farabroddi á sviði vísinda, þar sem nýmæli verða

¹ Golde, Chris M. & Walker, George [2002], bls. 1.

² Op.cit. bls. 1-2.

fyrst til í frummynd og umbreytast síðan í vöru, þjónustu eða aðferðafræði, sem skapar samfélaginu auð. Hlutverk rannsóknarmenntaðra einstaklinga er þýðingarmikið í þessu samhengi, þar sem þeir koma að því að skapa, beita og miðla nýrri þekkingu. Vægi doktorsmenntunar felst því í þætti hennar í beinni nýsköpun ekki síður en hlutverki hennar við útbreiðslu þekkingar.

Erlendar rannsóknir sýna að doktorsmenntaðir einstaklingar eru almennt hreyfanlegri en aðrir á vinnumarkaði, í landfræðilegu tilliti. Það bendir til þess að þeir gegni veigamiklu hlutverki í tilurð alþjóðlegra þekkingarneta.³ Rannsóknir á högum doktora hafa einnig leitt í ljós að þeir hafa, að jafnaði, hærri tekjur en aðrir háskólamenntaðir og að þeir láta, í tiltölulega ríkum mæli, vel af störfum sínum.⁴ Því má ætla að einstaklingar með doktorsmenntun séu álitnir eftirsóknarverðir starfskraftar og að samkeppnin um hæfileika þeirra sé hörð og alþjóðleg.

Í grein í Morgunblaðinu þann 15. janúar 2006 bendir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, á „að menntun, rannsóknir og nýsköpun séu drifafli hagvaxtar í þjóðfélagi sem byggir tilvist sína á því að afla nýrrar þekkingar og hagnýta hana“. Framboð á hæfu og vel menntuðu starfsfólki er forsenda fyrir uppbyggingu og eflingu þjóðfélags sem er hagstætt nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Ummæli á borð við þau, sem hér voru höfð eftir ráðherra, eru mjög í takt við stefnu stjórnvalda víðsvegar um heim. Evrópusambandið hefur meðal annars hleypt af stokkunum metnaðarfullu átaki til þess að laða vísindafólk til starfa innan Evrópu og leggur sérstaka áherslu á að endurheimta þá fræðimenn sem yfirgefið hafa álfuna og starfa í öðrum heimshlutum.⁵

Í ljósi þessa vakna upp spurningar um þann mannauð sem býr í íslenskum fræðimönnum á erlendra grundu og hvernig megi virkja hann íslensku samfélagi til hagsbóta. Sú rannsókn sem hér er kynnt miðar að því að gera

³ Avveduto [2001]; Martinelli [2001]; Gluszynski & Peters [2005].

⁴ Martinelli [2001], bls. 161.

⁵ ESB [2006a].

grein fyrir viðhorfum tíu doktorsmenntaðra Íslendinga sem búið hafa og starfað erlendis til lengri eða skemmri tíma. Reynt verður að gera því greinargóð skil hvaða þættir hafa áhrif á val þeirra á búsetustað og starfsvettvangi. Sérstaklega verður sjónum beint að tengslum þeirra við Ísland og íslenskt vísindasamfélag, og grennslast fyrir um það hvernig þau megi bæta. Reynt verður að greina vísbendingar um það hvað gerir búsetustað og starf eftirsóknarvert. Einkanlega verður leitast við að draga lærdóm af frásögnum vísindamanna um það hvernig bæta megi íslenskt vísindasamfélag. Efniviður rannóknarinnar eru tíu sögur tíu ólíkra vísindamanna. Sögurnar eiga þó marga sameiginlega þræði. Leitast verður við að vefa úr þeim þráðum mynstur sem endurspeglar viðhorf fræðimannanna og þá ímynd sem Ísland og íslenskt vísindaumhverfi hefur í hugum þeirra.

Aðferð

Markmið þessarar rannsóknar er að kynnast náíð högum og sjónarmiðum íslenskra doktora sem búa og starfa erlendis. Áhersla er lögð á að fá inn-sýn í hugarheim þeirra og reynslu, auk þess að öðlast dýpri skilning á því hvernig markmið mótast og hvaða þættir stýra vali á leiðum að settum markmiðum. Sjónum er með öðrum orðum beint að huglægri upplifun einstaklinganna á umhverfi sínu, lífi og starfi. Því til samræmis er byggt á eigindlegri rannsóknaraðferð svokallaðri. Hin eigindlega aðferð miðar að því að safna ítarlegum, fremur en víðtækum, upplýsingum. Hún tekur sérstaklega mið af hinu einstaka, aðstæðum, umhverfi og sögunni á bak við hvert tilfelli fyrir sig. Eigindleg aðferð er því sérlega vel til þess fallin að varpa ljósi á margbrotinn veruleika og veita innsýn í flókinn merkingarheim viðfangsefnisins. Ekki er lagt upp með fyrirfram gefna tilgátu sem síðan er leitast við að renna stoðum undir eða hrekja með afleiðsluaðferð. Tilgátur verða til og þróast eftir því sem rannsókninni vindur fram og ítarlegri upplýsingar liggja fyrir. Aðferðin byggir, með öðrum orðum, á innleiðslu.⁶ Eigindleg aðferð er m.a. talin vera heppileg við undirbúning stefnumótunar. Leitast er við að líta á markmið og leiðir frá sjónarhorni hlutaðeigandi aðila, með það að augnamiði að skynja þýðingu og hlutverk umræddra ferla í lífi viðkomandi.

Farin var sú leið að ræða ítarlega við doktorsmenntaða Íslendinga sem í lengst hafa í útlöndum að námi loknu. Þegar upp var staðið voru viðtölin tíu talsins. Þar af var eitt símaviðtal en í öðrum tilfellum var rætt við viðmælendur augliti til auglitis. Lengd viðtalanna var á bilinu 45 mínútur til tvær klukkustundir og meðallengd þeirra miðja vegu þar á milli. Til samræmis við markmið og eðli rannsóknarinnar voru viðtölin óstöðluð og opin. Slík viðtöl taka mið af einstaklingsbundinni reynslu viðmælenda. Þau gera þátttakendum kleift að viðra og kanna persónuleg sjónarmið óþvingað og ítarlega. Opin viðtöl gefa færi á að fylgja eftir ófyrirséðum

⁶ Neuman [2003].

hugmyndum sem velt er upp. Þá er, þegar sá háttur er hafður á, ekki loku fyrir það skotið að rannsóknin taki óvænta stefnu og framkvæmdaraðilum gerist hægara um vik að þróa hana eftir því sem efni standa til. Við hönnun spurningalista var meðal annars höfð hliðsjón af erlendum rannsóknum. Þó var aðeins stuðst lauslega við fyrirfram skilgreindar spurningar.

Viðmælendahópurinn var valinn með það að leiðarljósi að halda jafnri dreifingu milli ólíkra fagsviða, búsetu, námslanda og kynja. Þar sem upplýsingar um íslenska vísindamenn erlendis eru af skornum skammti var auglýst eftir ábendingum um þátttakendur og, í framhaldi af því, haft samband við fjölda fræðimanna. Viðbrögð voru góð en endanlegur viðmælendahópur var valinn út frá áður nefndum forsendum, sem og ferðalögum fræðimannanna til og frá Íslandi. Unnt var, í stórum dráttum, að ná markmiðum um dreifða samsetningu úrtaksins. Sex karlar og fjórar konur tóku þátt í rannsókninni. Tveir viðmælendur starfa á sviði hugvísinda, tveir á sviði félagsvísinda, einn þeirra hefur verkfræðimenntun, tveir hafa menntun í raungreinum og þrír stunda rannsóknir á sviði líf- og læknávisinda. Viðmælendur hafa starfað á Norðurlöndum og víðar í Evrópu, í Norður-Ameríku, Asíu og Eyjaálfu. Að tveimur undanskildum starfa þátttakendurnir við kennslu og rannsóknir innan háskólasamfélagsins. Til þess að virða trúnað við viðmælendur verður ekki vísað til orða þeirra undir réttum nöfnum í því sem hér fer á eftir.

Undirbúningsvinna hófst 06.06. 2006. Viðtölin voru tekin á tímabilinu frá 22.06. til 23.08. og fór úvinnsla þeirra fram því samfara. Greiningarvinna hófst í ágústmánuði en vinnu við verkefnið lauk í september 2006.

Markmið og leiðir: Hvernig verður starfsferill til?

Eins og nærri má geta eru ástæður fólks fyrir því að leggjast í langskólánám misjafnar og leiðirnar ólíkar. Sumir mynda áform um að freista þess að byggja upp feril á fræðasviðinu mjög snemma, jafnvel áður en háskólánám á grunnstigi hefst. Fyrir öðrum opnast þessi heimur ekki fyrr en einstaklingurinn finnur, í fyrsta skipti, smjörþefinn af hinu alþjóðlega vísindumhverfi, þeim fræðahefðum og þeirri aðstöðu til vísindastarfa sem fyrirfinnast í rótgrónum menntasamfélögum. Oft er slík ákvörðun viðbragð við góðum námsárangri og hvatningu samstarfsmanna eða annarra. Ýmis sambönd sem myndast á námsárum, bæði við leiðbeinendur og samnemendur, setja strik í reikninginn. Það getur meðal annars skipt sköpum, þegar kemur að því að velja starfsvettvang að námi loknu, hvort háskólánám hefur alfarið verið sótt til útlanda eða að hluta til. Sérstaklega á þetta við með tilliti til tengsla við íslenskt vísindasamfélag. Persónuleg og fagleg tengsl, sem og aðstoð við atvinnuleit, af hálfu viðkomandi menntastofnunar eða einstakra kennara, geta haft úrslitaáhrif. Þá hefur hjúskaparstaða mikið að segja, einkum ef maki er sömuleiðis vísindamaður eða kemur frá öðru landi. Athygli vekur að viðhorf vísindamanna sem eyddu hluta æskuára sinna erlendis eru gjarnan opnari í þeim skilningi, að landfræðileg lega skiptir minna máli en aðrir þættir. Þessir einstaklingar eru, með öðrum orðum, afar opnir fyrir því að taka að sér störf erlendis.

Faglegir þættir

Tæpast er hægt að gera ráð fyrir því að fólk hafi, þegar það hefur framhaldsnám, fastmótaðar hugmyndir um hvar það muni starfa að námi loknu.

Í fyrsta lagi held ég að ungt fólk hugsi ekki voðalega mikið um svona hluti. Það kannske fer í eitthvað skemmtilegt og það náttúrulega veit að samkvæmt skilgreiningu eru einhverjir atvinnuöguleikar í öllum stéttum

segir einn viðmælenda, Börkur Engilbertsson. Í flestum tilfellum lítur fólkið, sem rætt var við, upphaflega á Ísland sem eðlilegan áfangastað, þó ekki endilega þann eina sem kemur til greina. Skorri Arinbjarnarson, sem hefur starfað í Norður-Ameríku frá því hann lauk doktorsprófi, gerði „allt eins ráð fyrir því að koma heim“. Hann gerði sér hins vegar líka grein fyrir því að á Íslandi eru fáar stöður og tækifæri til krefjandi starfa, sem útheimta langskólanám, utan háskólasamfélagsins af skornum skammti. Því bætir hann við: *„Svo ég held ég hafi nú alltaf haft það á bak við eyrað að ég myndi bara fara þangað sem starfsmöguleikarnir væru“*.

Aftur á móti getur engum dulist að samkeppnin um stöður innan akademíunnar er gríðarlega hörð hvar sem borið er niður í heiminum. *„Það er bara svo erfitt að fá vinnu og reyna að halda sér gangandi innan fræðasamfélagsins“*, segir Ólöf Magnúsdóttir, sem starfað hefur að rannsóknum á sviði félagsvísinda víða um heim. Vísindamönnum gefst varla ráðrúm til þess að staldra við og þreifa fyrir sér á öðrum sviðum. Í hinum alþjóðlega fræðaheimi eru gerðar miklar framleiðnikröfur. Vísindamenn verða að framleiða og birta niðurstöður ellegar eiga á hættu að missa af framalestinni. Viðmælendur hafa ekki farið varhluta af þeirri pressu sem þessu fylgir. *„Ég hef alltaf verið hrædd við að detta út, fara að gera eitthvað annað og detta út úr fræðasamfélaginu“*, segir Ólöf og bætir við: *„Ef maður er ekki í því að reyna að vera að kenna og vera í tengslum þá bara dettur maður út“*.

Til þess að mæta þessum kröfum þarf ákveðið svigrúm til rannsókna. Því skyldi engan undra að fræðimennirnir sem við var rætt sögðust margir hverjir sækja eftir fremsta megni í umhverfi þar sem finna má tóm bæði og aðstöðu til þess að sinna rannsóknum. Óttar Bergsson starfar á sviði læknávisinda. Hann færði sig á milli háskólastofnana meðal annars í þeim tilgangi að losna undan oki kennsluskyldunnar, *„[v]egna þess að það var farið að taka allt of mikinn tíma af rannsóknvinnunni“*. Skorri tekur í sama streng og segir aukheldur að það skipti máli að *„viðkomandi deild í manns eigin fagi sé dálítið spennandi að því leyti að þar fáist fólk við spennandi hluti, búið að geta sér nafns. Og þar sem er kannske eitthvert aðdráttarafl að fá góða doktorsnema.“* Öflugt rannsóknarnám innan

stofnunar skiptir bersýnilega máli. Þar helst í hendur að virtar rannsóknamiðstöðvar draga til sín efnilega nemendur og nýta aftur starfskrafta þeirra við rannsóknastörf. Fyrir vikið skapast þetta frjóa umhverfi til vísindastarfa sem dregur til sín hæfa fræðimenn hvaðanæva úr heiminum. Eins og Skorri bendir á fara fræðimenn einfaldlega þangað sem tækifærin bjóðast:

Svo er þetta líka þannig, þegar maður er kominn út í þennan heim úti, ef manni gengur vel, að þá er bara gert ráð fyrir því að maður sæki um þær stöður sem í boði eru. Og, ég meina, þessi fræðaheimur hann er alþjóðlegur. Ef það er einhver spennandi staða í London, þá sækir maður um hana, eða í Þýskalandi, þá sækir maður um hana.

Hreyfanleiki er eðlileg breyta í starfi vísindamannsins. Þekkingu og reynslu er auðvelt að flytja milli heimshluta, eða hvert þangað, sem aðstaða er fyrir hendi til þess að þróa þekkinguna og reynsluna enn frekar. Auk þess getur tiltölulega stutt dvöl innan vébanda virtrar stofnunar eða undir handleiðslu nafntogaðra fræðimanna lokið upp dyrum að ótal afkimnum hins alþjóðlega fræðaheims. Um atvinnuleit að námi loknu og möguleikana á að fá stöðu, segir Steinunn Þormarsdóttir til að mynda:

Já, eftir að ég var í Cambridge, það var alveg stórkostlegt. Þetta var mjög þekkt deild og það voru allir í Bandaríkjunum svo imponeraðir yfir því að ég var í Cambridge, þannig að það var tiltölulega auðvelt.

Þegar litið er til hreyfanleika nýútskrifaðra doktora á milli landa er hvatans einna helst að leita í svonefndum nýdoktorastöðum (e. post-doc), tímabundnum rannsóknarstöðum sem mjög hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum, ekki síst á sviði raunvísinda. Í dag er það regla frekar en undantekning, innan raunvísindaheimsins, að nýdoktorar taki að sér slíka stöðu eftir að námi lýkur.⁷ Fyrir utan það að brúa bil á milli námsloka og raunverulegs starfsferils, glæða þær mjög atvinnumöguleika vísindamanna með tilliti til framtíðar og gildir einu hvort viðkomandi hyggur á

⁷ Martinelli [2001] bls. 167.

feril innan akademíu eða á almennum markaði.⁸ Á hinn bóginn hefur verið bent á að þetta fyrirkomulag lengi í raun þann tíma sem nám útheimti en fresti, að sama skapi, innkomu á vinnumarkað og tilhlýðilegu starfsöryggi. Þá skiptir gríðarlega miklu máli að komast að hjá virtri stofnun og vinna með hæfu fólki, sem hefur metnað og burði til að halda utan um veigamikil rannsóknarverkefni, vegna þess að formlega er staða nýdoksorsins ekki mjög sterk:

Þú ert bara lausráðinn starfsmaður [...] algerlega á valdi yfirmanns þíns. Ef hann lætur þig hafa eitthvert gott verkefni þá kannske plummar þú þig. En ef honum er illa við þig, þá áttu engan séns.

Hér vill Börkur benda á hættuna á því að stofnanir færi sér í nyt metorðagirni ungra vísindamanna og mikla samkeppni um lausar stöður, til þess að ráða til sín hæft starfsfólk á bágun kjörum.

Samkeppnin er því önnur breyta sem knýr á um hreyfanleika fræðimanna og þá sérstaklega nýdoksora. Oft er þess langt að bíða að mönnum bjóðist fastráðning og fólk hrökklast gjarnan úr einni tímabundinni stöðu í aðra, jafnvel alla tíð. Það er sannarlega ekki alltaf tekið út með sældinni að helga sig vísindum, enda er doktorum tíðrætt um harkið sem því fylgir að koma undir sig fótunum í fræðasamfélaginu. „*Það var náttúrulega alger draumur fyrir mig að komast í lektorsstöðu. Mér var alveg sama hvar þetta var, mér fannst náttúrulega [...] æðislegt, að prófa það*“, segir Ólöf Magnúsdóttir er hún lýsir ákvörðun sinni um að flytjast búferlum og taka að sér tímabundna stöðu hinum megin á hnettinum.

Þótt hreyfanleiki innan fræðasamfélagsins sé mikill er ekki sömu sögu að segja um samgang akademíu og atvinnumarkaðar almennt. Þess var getið hér að framan hve ríkar framleiðnikröfur eru gerðar til vísindamanna. Því samfara er ákveðin tregða til þess að söðla um og hasla sér völl á öðrum vettvangi. Þar liggur að baki ótti við að missa af lestinni. Almennt álitu vísindamennirnir það vera spurningu um lífsákvörðun að fara út á almennan

⁸ Nerad & Cerny: [1999].

vinnumarkað – það yrði ekki aftur snúið. Hitt er annað mál að launakjör þeirra sem róa á önnur mið, það er, út fyrir akademíuna, eru almennt hærri.

Sjálfræði í starfi má tengja hreyfanleika að því leyti að val á verkefnum eða áskorunum getur með hægu móti runnið saman við val á starfsvettvangi. Nokkrir viðmælendur létu að því liggja að sjálfstæði fræðimanna við verkefnaval og útfærslu væri ein af forsendunum fyrir framgangi vísinda. Það var almennt viðkvæðið að sjálfræði væri þáttur í starfi viðmælenda sem skipti þá miklu máli persónulega. Það er eitt af því sem gerir líf fræðimannsins heillandi. Um doktorsmenntun almennt segir Karlotta Ófeigsdóttir til dæmis:

Þetta er svona partur af þeim forréttindum að búa sér til ögranir, áskoranirnar sjálfur. Og það gefur manni ákveðið vald yfir örlögum manns. Af því að það er svo oft sem þú getur ekki valið þér þínar eigin áskoranir.

Félagslegir þættir

Það eru ekki bara faglegir þættir sem skipta máli þegar kemur að því að velja sér starfsvettvang. Umhverfi og samfélagsgerð eru fólki einnig ofarlega í huga og það í ríkari mæli eftir því sem árin líða.

Segja má að efnisleg gæði séu víkjandi, í hugum viðmælenda, þegar kemur að því að veita og meta ólíka þætti sem máli skipta við val á búsetustað. Það má ráða af orðum Þorbjörns Sveinssonar, stærðfræðings, sem starfar vestan hafis:

Að vissu marki skiptir meira máli að vera í þjóðfélagi sem maður kann vel við. Það er ekki hægt að setja verð á það. Það er ekki hægt að segja borgaðu mér tvisvar sinnum meira og ég skal sætta mig við hvað sem er. Það er ekki, það bara er ekki til í stöðunni.

Það hvernig einstaklingur tengist því samfélagi sem hann býr í, hvort viðkomandi finni ákveðinn skyldleika við eða eigi samleið með félagslegum,

fagurfæðilegum eða siðferðislegum gildum, skiptir höfuðmáli og viðmælendum voru slíkar vangaveltur hugleiknar. Fyrir sérfræðing á einhverju ótilgreindu fræðasviði getur það þýtt þörf fyrir ákveðið mengi kollega eða félagsskap þar sem svipuð fagleg áhugamál eiga upp á pallborðið. En fólk horfir ekki síður, jafnvel í ríkari mæli, til heildrænnar upplifunar af þjóðfélaginu – til þekkingarsamfélagsins sem slíks: Að metnaður og sérfræðibekking á öllum sviðum sé sjálfgefinn hlutur svo að upplýst umræða geti skapast um allt milli himins og jarðar. Í þessu tilliti er ekki endilega horft til þess að viðkomandi taki beinan þátt í umræðunni hverju sinni né heldur að viðkomandi hafi áhuga eða vit á umræðuefninu í það og það skiptið. Áherslan er jafnvel frekar á það að rætt sé opinskátt og af kunnáttusemi um málefni sem viðkomandi eru framandi. Sömuleiðis mátti glögggt greina, hjá viðmælendum, þörf fyrir auðugt menningarlíf almennt, hvort sem um ræðir „hámenningarviðburði“ á borð við óperu- og leiksýningar eða einfaldlega fjölbreytta flóru veitingahúsa og framboð á afþreyingu. Sem fyrr er það ekki höfuðatriði að hafa allt sem hugurinn gírnist og eftir eigin smekk.

En það er gott að vita af því að þessi hugsun er að gerast. Þetta eru menningarstig, svona visst menningarstig og svona öryggiskennd að hafa ... það sem er kúltur. Bara að vita að þarna eru leikrit ... ég gæti hugsanlega farið á þetta við og við ... kaffihúsamenning, jafnvel þó ég drekki ekki kaffi einu sinni.

Svo komst Þorbjörn að orði í þessu samhengi. Spurningin sem liggur hér að baki er: „Í hvernig samfélagi vil ég lifa?“ Og svör viðmælenda varpa ljósi á mikilvægi öflugrar og fjölbreyttrar fræðamenningar.

Aðrir félagslegir þættir og öllu nærtækari vega þungt. Fjölskylduvænt umhverfi og ýmislegt það sem snýr að uppeldi barna, svo sem skólakerfi, var mörgum viðmælendum ofarlega í huga. Í því samhengi var rætt um fæðingarorlof, dagvistunarræði, gæði skóla og gæði umhverfis almennt. Þá bar á góma aðgang að heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi yfirleitt. Það kom einnig í ljós að félagslegt réttlæti skiptir fólk máli. Nokkrir viðmælendur höfðu orð á því að þessi þáttur hefði áhrif á ákvörðun um staðarval.

Þeir vildu ekki horfa upp á hróplegar félagslegar andstæður og misskiptingu auðs. Að síðustu er vert að minnast á umhverfismál. Mengun og ónógt fagurfræðilegt yfirbragð var talið upp sem fráhrindandi þættir. Sumir viðmælenda vildu síður vera bundnir við einkabílinn og geðjaðist lítt að umhverfi sem tekur of mikið mið af bílaumferð. Þegar það er haft í huga að flestir viðmælendur hafa hlotið sína félagsmótun á Íslandi, að öllu eða miklu leyti, liggur beinast við að spyrja hvernig þessir þættir tengjast horfi þeirra til heimalandsins.

Römm er sú taug

„Náttúrulega, ég er íslensk og vildi helst af öllu vilja til Íslands“.

(Steinunn Pormarsdóttir)

Sem fyrr greinir veða félagslegir þættir þungt hjá viðmælendum, þegar tekin er ákvörðun um starfsvettvang. Fyrir vísindamennina sem rætt var við, er það fyrst og fremst fyrir tilstilli slíkra þátta sem heimalandið togar í þá. Viðmælendur nefna undantekningarlaust að þeir sakni nálægðar við fjölskyldu og vini. Í sumum tilfellum er það fyrst og fremst makann sem lengir eftir sínu félagsneti á Íslandi. En í heildina litið virðist sem tilfinningaleg tengsl við menningarlegar rætur séu viðmælendum ofarlega í huga. Þá fer ekki hjá því að tala megi um ríka skyldutilfinningu gagnvart fjölskyldu, landi og þjóð. Og að mörgu leyti virðist sjálfsmynd viðmælenda setja mark sitt á sjónarhorn þeirra á Ísland, ekki síst það mótunarafl sem tungumálið hefur á mannleg samskipti og upplifanir á umhverfi. Þannig sagðist einn viðmælenda, Gylfi Arnórsson

sakna Íslands að mörgu leyti. Sakna sumranna, sakna hafsins, sakna þess að maður hefur svona í gegnum tungumálið og gegnum uppeldið svona annað samband við annað fólk [...] Ákveðin hlið á mér hafði ekki verið ræktuð frá því að ég fór í burtu sko.

Vart þarf að taka fram að fjölskyldumynstur mótar sýn og viðmót til heimalandsins. Barnafólk leggur mikla áherslu á að börn þeirra haldi tengslum við fjölskyldu á Íslandi og öðlist ákveðna sjálfsmynd sem tengir þau menningararfleifið sinni. Þetta viðhorf kristallast í orðum Barkar:

Maður vill kannske ala börnin sín upp á Íslandi frekar en annars staðar. Maður vill ala börnin upp sem Íslendinga, maður vill ekki að þau verði Svíar. Maður er orðinn leiður á Svíum og vill ekki vakna upp við það einn daginn að allt í einu er barnið manns bara orðið að Svía.

Mjög svipaður tónn er í orðum Skorra þegar hann segir:

Mér finnst vont að það líði of langur tími milli þess að ég komi hingað heim. Og svo er ég líka náttúrulega að hugsa um krakkana sko. Nú er ég með eina litla. Ég er að halda íslenskunni að henni. Og ég vil helst ala hana upp þannig að henni finnist hún hafa einhver tengsl við Ísland.

Almennt er mikið upp úr því lagt að börn viðhaldi íslenskri tungu þó svo að hún verði í mörgum tilfellum annað tungumál þeirra, enda nota þau erlend tungumál í skóla og í samskiptum við jafnaldra. Hvað hér býr að baki er ekki gott að segja. En líklega er nærtækast að vísa til sjálfsmýndar sem viðmælendur vilja að börn þeirra komist í snertingu við og skilji. Þetta tengist e.t.v. því að nokkrir viðmælendur gátu þess að þeim geðjaðist vel að samfélögum sem annað hvort eru mjög skyld íslensku samfélagi, svo sem Norðurlöndin, eða sem þau aftur lýstu með þeim hætti að vart fór á milli mála að ákveðin skyldleiki við æskuslóðirnar virkaði aðlaðandi. Einn viðmælandi hafði til að mynda flutt sig um set, frá Bandaríkjunum til Kanada, og samanburður á þessum tveimur stöðum virtist leiða í ljós að kostirnir við kanadískt samfélag fólust í evrópsku og jafnvel skandinavísku yfirbragði.

Segja má, í stórum dráttum, að þessi tilfinningalega taug snerti fólk meira eftir því sem árin líða. „*Eftir því sem maður verður eldri þá verða þessi tengsl sterkari held ég. Og maður fer að meta þau miklu meira*“, segir Ólöf. Hitt er annað mál að togaflið sem hún hefur dofnað með tímanum í hlutfalli við aukin áhrif annarra þátta. Fræðimenn koma sér betur fyrir og takast á við æ áhugaverðari verkefni. Steinunn Þormarsdóttir, sem vitnað er til í upphafi þessa kafla, segir aðspurð um það hvers vegna löngunin heim dvíni, að hún hafi það gott þar sem hún er, hún starfi við góða stofnun og hafi visst sjálfstæði:

Þetta er orðið miklu meira spennandi sem ég er að gera. Ég hef náttúrulega komist áfram þarna og þetta eru mjög spennandi verkefni sem ég er að takast á við og ég er í þarna ... og við erum að vinna saman að spennandi verkefni. Og það er bara visst frelsi þarna til að gera spennandi hluti.

Hér kemur fram ákveðin togstreita, sem gætir í mismiklum mæli í öllum viðtölum. Í einn svipinn vex löngunin til þess að vera á Íslandi, innan um

vandamenn og í náinni snertingu við skapamót sjálfsmyndarinnar. Á hinn bóginn verður æ erfiðara að taka ákvörðun um að flytjast búferlum og setjast að á Íslandi. Fólki skýtur rötum og skuldbindur sig í starfi. Eftir því sem starfsferill vex er meiru frá að hverfa. Verkefni verða áhugaverðari og mannvirðingar meiri. Það er, með öðrum orðum, fólgin í því mikil áhætta að segja skilið við góða stöðu og skynja mátti á viðmælendum að þeir eru afar meðvitaðir um þá áhættu. Vikið verður að hinum liðnum í jöfnu fórnarkostnaðarins síðar – það er, hvað felst í því að fara heim.

Pó svo að tilhneigingin sé sú að togaflíð dvíni, þá benda viðtölin til þess, að á vissum tímabilum á ferlinum horfi viðmælendurnir meira til Íslands. Það má jafnvel segja að á tilteknum tímamótum verði eðlilegt að hugleiða heimför. Fyrst ber að nefna námslok. Á þeim tímamótum hefur doktorinn almennt ekki skapað sér viðtæk tengsl og hefur litla reynslu. Verðmæti hans sem starfskrafts (og verðmæti fyrir samfélagið) eru því ekki mótuð til fullnustu. Eftir að fyrstu tímabundnu ráðningu lýkur aukast líkur til þess að vísindamaðurinn í lengist í jöfnu hlutfalli við aukin sambönd, reynslu – og verðmæti. Þegar börn hins vegar komast á táningsaldur standa foreldrar oft frammi fyrir erfiðri spurningu um framtíð og sjálfsmynd barna sinna: Munu þau nokkur tíma öðlast félagsnet á Íslandi og tengjast uppruna sínum? Í þessum kringumstæðum er eðlilegt að huga að því hvort efla beri tengslin við heimalandið með einhverju móti.

Eftir stendur að ástæður fyrir því að auka tengslin heim eru að verulegu leyti bundnar við þætti sem snúa að persónulegum högum viðkomandi og þá sérstaklega með tilliti til vandamanna, en síður til faglegra hagsmuna þeirra sjálfra. „*Bæði er maður að gera þetta fyrir foreldra, fyrir krakkana og síðan – síðan – fyrir mann sjálfan*“, segir Þorbjörn Sveinsson. Þessi viðhorf varpa ljósi á eðli þeirra tengsla sem myndast á milli íslenskra fræðimanna erlendis annars vegar og íslensks vísindasamfélags hins vegar. Viðtölin gefa vísbendingu um það að tengslin séu fyrst og fremst undir fræðimönnum sjálfum komin og aukinheldur að þau séu persónulegs eðlis fremur en faglegs. Inntur eftir sambandinu við Ísland segir Skorri til að mynda:

[Ég hef verið í] meira svona persónulegu sambandi ... En ég get nú ekki sagt „starfstengt“, nei það hefur nú ekki verið neitt. Og hefur ef til vill ekki

verið neitt tilefni til þess af því að þær rannsóknir sem ég hef verið í hafa nú ekki tengst íslensku.

Skorri gefur hér í skyn að ekki hafi verið forsendur fyrir samstarfi við vísindamenn á Íslandi þar sem hérlendis sé ekki unnið mikið starf á hans sviði. Hann bætir við að það megi svo sem teljast eðlilegt að lítill háskóli hafi ekki sérfræðinga á öllum sviðum. Það sem stendur upp úr er þó það, að hér eru ljóslifandi dæmi um fræðimenn sem standa framarlega á sínu sviði og vilja gjarnan auka tengslin við Ísland, en fyrst og fremst af persónulegum ástæðum, ekki faglegum.

Þessi rannsókn miðar að því að vita meira um viðhorf vísindamanna til Íslands og íslensks fræðasamfélags. Það hefur komið í ljós hvaða þættir hafa aðráttarafli fyrir Ísland. En það er jafnframt ljóst að þetta aðráttarafli togast á við aðra krafta, eins og glögggt má greina af orðum Skorra:

Það er svo margt sem ég sé eftir þegar ég er úti, margt sem ég sakna hér heima. En svo kem ég hingað og þarf í raun ekki að vera nema í svona viku, tvær vikur, þá geri ég mér grein fyrir öllum hlutum sem ég myndi sakna ef ég væri hér.

Í hverju er eftirsjáin fólgin? Hvað er það sem skortir á Íslandi? Hvað er það sem fólk velur fram yfir Ísland? Hvað er það sem veldur því að margir frambærilegir vísindamenn velja að starfa *ekki* á Íslandi? Ljóst er að einhverra hluta vegna reynist viðmælendum erfitt að taka ákvörðun um að flytja heim.

Þetta er dálítið flókin ákvarðanataka. Þetta er ekki eins og þú bara viljir fara heim eða viljir ekki fara heim. Þetta snýst rosalega mikið um það, hvað fólk stendur til boða eða hvert viðmót er gagnvart því sko

svo vitnað sé til orða Barkar Engilbertssonar. Hér eftir verður reynt að gera grein fyrir því hvernig viðmælendur upplifa íslenskt vísindaumhverfi og viðhorf samfélagsins til fræðastarfa. Sjónum er sérstaklega beint að þeim hindrunum, sem viðmælendur telja standa í vegi fyrir því að þeir sjálfir og aðrir snúi heim.

Eru tækifærin fyrir hendi?

„Ég sagði alltaf: OK, ég kem heim ef ég fæ launaða vinnu á Íslandi“

(Ólöf Magnúsdóttir)

Atvinnutækifæri eru á meðal þeirra grundvallarforsendna sem liggja að baki ákvörðunum einstaklinga og fjölskyldna um dvalarland og búsetu. Af sjálfu leiðir að doktorsmenntaðir einstaklingar hafa mjög sérhæfða þekkingu og reynslu. Það gefur líka augaleið að eftir að hafa gengið í gegnum langt nám til þess að verða sér úti um sérfræðiþekkingu, vill fólk gegna störfum þar sem reynsla þeirra og menntun nýtist. Er raunhæft að gera ráð fyrir því að allir Íslendingar sem lokið hafa doktorsnámi fái starf við sitt hæfi hérlendis?

Það er ljóst að langskólamenntuðu fólki hefur fjölgað stöðugt á Íslandi undangengin ár.⁹ Áður fyrr gat fólk sem lagði í framhaldsnám gengið að því vísu að einhver staða byðist þegar heim væri komið. „Ég hafði alltaf á tilfinningunni, eða alla vega lengi, að Ísland væri eitthvað öryggisnet, að maður gæti alltaf farið til baka“, segir Gylfi Arnórsson. En nú er öldin önnur: „Það er svo mikið af fólki, þetta hefur hreinlega breyst“. Menntuðum hefur fjölgað hraðar en stöðum sem útheimta doktorsmenntun. Á sama tíma og nemendum á háskólastigi hefur fjölgað um 65% fjölgaði starfsfólki með doktorsmenntun aðeins um 34%¹⁰. Viðmælendum varð tíðrætt um að á Íslandi væri tilfinnanlegur skortur á krefjandi atvinnutækifærum. Steinunn Þormarsdóttir segist ekki vera allsendis fráhverf því að koma og starfa á Íslandi. Hún sér hins vegar ekki fram á að það verði nokkurn tíma að veruleika. Innt eftir því hvers vegna hún telji svo vera, segir hún: „Ég sé ekki alveg hvar það ætti að vera“. Steinunn, sem er doktor á sviði raunvísinda, vill vinna að rannsóknum en sér ekki tækifæri innan Háskóla Íslands, enda hafi Háskólinn tæpast bolmagn til að standa

⁹ Skv. lista Rannís.

¹⁰ Um er að ræða tímabilið 2000-2005. Hagstofa Íslands [2006a] og [2006b]. Báðar þessar töflur má nálgast á vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/?PageID=783>.

undir slíkri starfsemi á hennar sérsviði, vegna skorts á fjármagni. „Ég held bara að Háskólinn sé í svo miklu fjársveldi að það sé ekki nokkur möguleiki þar“. Þá telur hún að stofnanir, sem láta sig fagsvið hennar varða, fáist einkum við skylduverkefni og að starfssystkin hennar hérlendis séu því bundin við meiri rútínustörf en hún á að venjast.

Háskóli Íslands

Í langflestum tilfellum liggur leið doktorsmenntaðra inn í akademíuna.¹¹ Þátttakendur í þessari rannsókn eru engin undantekning. Flestir hafa þeir haft metnað til þess að starfa innan háskólasamfélagsins, eða hafa íhugað þann möguleika gaungæfilega á einhverjum tímapunkti að minnsta kosti. Þá ber þess að geta, að Háskóli Íslands var sú stofnun sem viðmælendur horfðu helst til. Því er nærtækast að beina sjónum fyrst að háskólasamfélaginu og HÍ öðru fremur. Það veldur mörgum viðmælendum hugarangi að hér sé hreinlega ekki störfum til að dreifa. „Það eru ansi margir aðrir sem eru búnir að vera í biðröðinni lengi. En það eru bara engar stöður og það losnar ekki neitt. Þetta eru það fáar stöður“, segir Skorri. Í sumum tilfellum koma fram áhyggjur yfir því að ekki verði til nýjar stöður. Og það gætir ákveðinnar gremju meðal sumra viðmælendanna, sem starfað hafa að metnaðarfullum rannsóknnum erlendis við góðan orðstýr, er þeir líta heim og horfa upp á það hvað stendur til boða, til hvers er ætlast af þeim. Af þeim má skilja að fólk reki sig á múra. Ekki þó svo að skilja að í viðtölum hafi sú skoðun komið fram, að í íslensku vísindasamfélagi fyrirfinnist beinlínis fálæti í garð frambærilegra fræðimanna sem reynt hafa fyrir sér erlendis, heldur fremur að kerfi og hefðir geri þeim óhægt um vik. Börkur Engilbertsson lýsir viðmótinu svo: „Það er sagt „jú auðvitað ertu velkominn að koma og við viljum endilega fá þig og þú er velkominn“. Svo er það náttúrulega ósagt: „velkominn í biðröðina“. Og það er nátt-

¹¹ Ekki eru aðgengilegar tölur um Ísland. Í Bretlandi liggur leið tæplega annars hvers útskrifaðs doktors inn í menntakerfið, en þar af starfa yfir 80% við æðri menntastofnanir, heimild: “What do PhDs Do?”. Um þriðjungur doktora í Bandaríkjunum og Kanada starfar við kennslu, sbr. OECD [2006a], bls. 13. Í Frakklandi kenna um 26% doktorsmenntaðra við æðri menntastofnanir en önnur 7% við grunn- og framhaldsskóla, sbr. Martinelli [2001], bls. 166.

úrlega niðurlægging“. Ásrún Drífa Axelsdóttir tók í sama steng. Hún segir: „*Tækifærin sem hér bjóðast eru niðurlægjandi. Ég gæti frekar hugsað mér að taka meirapróf og söðla bara um*“. Vert er að staldra við þegar hugtak á borð við „niðurlæggingu“ ber ítrekað á góma. Hér er gefið í skyn að óþolandi sé að ganga inn í algera óvissu, úr öruggara umhverfi og eftir að hafa sýnt fram á burði til þess, bæði í námi og í starfi, að vinna að og stýra viðamiklum rannsóknum. Það sem bíður hér heima, eins og umhverfið kemur viðmælendum fyrir sjónir, eru tímabundnar stöður, stundakennsla og íhlaupastörf – ótraust umhverfi. Eins og fram kom að ofan líkir Börkur þessu við kerfisbundna biðraðameningu. Þar á hann við að því lengur sem einstaklingur hefur setið um íhlaupaverkefni á Íslandi, því nær komist viðkomandi því takmarki að hljóta fasta ráðningu hér. Þá er gefið í skyn að reynsla erlendis frá telji ekki sem skyldi, að menn þurfi að gjöra svo vel að fara aftast í „röðina“ og vinna sig upp, burtséð frá góðum árangri á erlendum vettvangi.

Tölfræðilegar upplýsingar renna, að einhverju leyti, stoðum undir þessa tilfinningu. Aðeins um þriðjungur kennara á háskólastigi hérlendis hefur fasta ráðningu en afgangurinn sinnir stundakennslu.¹² Ljóst má vera að með háu hlutfalli lausráðinna (og minna menntaðra) kennara má ná fram sparnaði í rekstri menntastofnana. En það er jafn ljóst að slíkt fyrirkomulag kemur niður á gæðum náms og rannsókna. Að því gefnu er eðlilegt að varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki skorti framsýni og markvissa stefnu í starfi háskólanna, þegar það er viðtekin venja að tjalda til einnar nætur með sem minnstum tilkostnaði.¹³

Eins og málið kemur þátttakendum í þessari rannsókn fyrir sjónir má, að miklu leyti, rekja þennan veruleika í háskólaumhverfinu til þess sem einn viðmælandi uppefnir „*þetta-reddast-hugmyndafraeði*“, sem með réttu eða röngu er stundum sögð einkennandi fyrir íslenskt samfélag. Í viðtölum var ítrekað bent á að hérlendis virðist viðtekið að álíta það eðlilegt skref fyrir íslenska fræðimenn að koma heim, án þess að hafa nokkuð fast

¹² Hagstofa Íslands [2006c] Töflu má finna á vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/?PageID=783>.

¹³ Sbr. Rúnar Vilhjálmsson [2005].

í hendi, bíða bara og sjá hvort ekki rætist úr fyrr eða síðar og taka þá að sér íhlaupaverkefni í millitíðinni. En getur þetta talist fýsilegur kostur þegar tekið er tillit til þess hversu afdrifarík og margbrotin ákvörðun býr að baki því að rífa sig, ásamt fjölskyldu, upp með rótum, flytjast búferlum og skipta um starfsvettvang? Ad því ber að hyggja að þeir eiginleikar sem fólk tileinkar sér með aukinni menntun, almennt, stangast á við þetta viðhorf sem hér er lýst. Með aukinni menntun eykst tilhneiging til varkárni og framsýni – í einu orði: áhættufælni. Hið vísindalega hugarfar er, með öðrum orðum, frábítið „reddingum“, óraunsæi og óljósum markmiðum. Óneitanlega vaknar sú spurning hvort hér sé að finna einhvern illsýnilegan múr, sem gerir það að verkum að Ísland verður fráhrindandi fyrir tiltekinn hóp, sem þjóðfélagið þó vill hafa innan sinna vébanda og vill að gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu. Og er þá ef til vill ómeðvitað, verið að halda þeim í burtu sem síst skyldi? Börkur talar um að margir upplifi árekstur við kerfið eins og hann lýsir því:

Það er ákveðið „clash“. Þetta snýst líka svolítið um persónuleika. Því þegar þú ert farinn að tala um fólk sem er vísindamenn, þá eru þeir [...] varfærni og hugsa hlutina út. Til þess að vera góður vísindamaður verður þú að geta hugsað fram í tímann og planað. En það fólk sem kannske stendur sig hjá Háskóla Íslands, eða bara á Íslandi, er ekkert endilega svona fólk heldur svona eitthvert fólk sem er óraunsætt. Fólk sem bara kemur og gerir eitthvað.

Við þetta er því að bæta, að kerfið eins og það kemur viðmælendum fyrir sjónir, hygllir að vissu leyti heimalningum á kostnað þeirra sem hafa meiri reyngslu og víðtækari tengsl erlendis frá. Tengsllin sem á sama tíma myndast á milli samstarfsmanna hér heima fyrir skipta hins vegar sköpum. Þó svo að einstaklingur viði að sér þekkingu og skapi sér faglegt tengsllanet úti í heimi er ekki sjálfgefið að það verði honum til framdráttar í íslensku samhengi. Á endanum verður viðkomandi að vega það og meta hvort fýsilegt sé að taka sér stöðu aftast í „biðröðinni“. Samtímis er einhver annar að vinna sig upp í gegnum háskólakerfið hér heima, mynda réttu tengsllin og ná forskoti á þá sem leitað hafa út fyrir landsteinana. Börkur fullyrðir til dæmis að margir vísindamenn í hans sporum, að honum sjálfum með-

töldum, sjái tormerki á því að nálgast stöður hérlendis, vegna skorts á réttu samböndunum:

Það er svo mikill klíkuskapur og mafíu-ismi sko innan Háskólans. Það myndast aldrei nýjar stöður heldur er kerfið þannig að það eru þessar biðraðir og menn eru að hygla sínum og svo framvegis. Það er vandamálið með að það verða ekki til nýjar stöður.

Hér er ekki felldur áfellisdomur yfir vísindamönnum sem starfa á Íslandi, né heldur er gefið í skyn að viðvaningsbragur sé algildur í íslensku vísindumhverfi. Hins vegar kemur fram sterk tilfinning fyrir því að starfsumhverfi fyrir unga fræðimenn sé óöruggt hér á landi og ekki nægilega formfast. Þá gerir viðmælandi því skóna að við slíkar aðstæður geti sambönd og vinskapur haft úrslitaáhrif á framgang í starfi. Nýútkomin skýrsla OECD um æðri menntun á Íslandi gefur færi á að sjá þessa gagnrýni viðmælanda í víðara samhengi. Þar kemur meðal annars fram að óformleg tengslanet einkenni stjórn háskóla á Íslandi og bent er á annmarka á slíku fyrirkomulagi.¹⁴ Það sem skiptir máli er að það séu til staðar gáttir á kerfinu og fagleg ferli sem geri fólki kleift að koma inn og vera með tíð á faglegum forsendum. „Fólkið sem býr erlendis og er með karríer erlendis, það nennir ekkert í þessar biðraðir“. Þessi sjónarmið sem reifuð eru hér að ofan vísa á annað og náskýlt efni.

Umsóknarferli, ráðningar og framgangur

Athyglisvert er að rýna í sýn viðmælandanna á þau ferli sem eiga sér stað þegar stöður verða til og eru auglýstar. Nokkrir þeirra fræðimanna, sem við var rætt, hafa sótt um stöðu við Háskóla Íslands. Þau sem það höfðu gert gátu, hvert um sig, fundið agnúa á umsóknar- og ráðningarferlum. Í einu tilfelli var umsækjanda raunar boðin umrædd staða. Það sem kom í veg fyrir að umsækjandi gæti þegið þá stöðu var meingallað upplýsingaflæði. Ekki var hægt að fá upplýsingar um þau launakjör sem starfinu

¹⁴ OECD [2006b].

fylgdu og þar með engar forsendur til þess að taka upplýsta ákvörðun af hálfu umsækjanda. „Ég þurfti bara að lokum að gefa það svar að ég geti ekki tekið við stöðu þar sem ég veit ekki hver kaup og kjör eru“. Annar viðmælandi kunni frá því að segja, að á meðan umsókn hans viðkomandi um stöðu við Háskóla Íslands var til umfjöllunar hafi önnur umsókn um stöðu við erlendan háskóla bæði verið send og samþykkt. Í báðum þessum tilfellum missir Háskólinn af hæfum umsækjendum sökum skriffinnsku og seinlætis. Fleiri tóku í sama streng og töldu að umsóknarferlin hér væru allt of löng og alls ekki sambærileg við það sem gengur og gerist erlendis. Einnig nefndu sumir viðmælendir í þessu samhengi, að þeim þættu matsferli ekki vera nægjanlega skýr. Ekki væri til að mynda fulljóst hvert væri hlutverk ólíkra aðila í þeim ferlum. Þá var þess getið að auglýsingum væri ábótavant, að þær næðu ekki í öllum tilfellum til áhugasamra eða fólk hefði jafnvel spurnir af lausum stöðum af einskærri tilviljun. Öll ber þessi ummæli að sama brunni: Þetta eru vísbendingar um að betur megi standa að mati umsækjenda og starfstilboðum. Alltént höfðu viðmælendir það sterklega á tilfinningunni.

Þá eru brögð á því að umsækjendur upplifi ráðningarferli beinlínis sem ósanngjörn. „Ég bjóst nú aldrei við að fá þessa vinnu. Ég vissi alltaf hver myndi fá hana. Mér fannst hún alltaf vera svolítið eyrnamerkt þessi staða sko“, segir einn viðmælenda um sína reynslu af umsóknarferlinu. Í þessu tilfelli hafði ákveðinn umsækjandi góð tengsl við áhrifaríka einstaklinga innan akademíunnar og hafði starfað við stundakennslu innan umræddrar deildar um skeið. Viðkomandi fékk að lokum starfið. „Maður sá allveg ósanngirnina í því“. Fleiri gátu staðfest að þau hefðu haft spurn af slíkri óánægju og vissulega er rætt um þessi mál. Enginn viðmælenda vildi þó meina að hér væri um reglu að ræða. Dæmi á borð við þau sem hér eru stuttlega rakin heyra að öllum líkindum til undantekninga. En ekki verður horft framhjá því að þau endurspeglar ákveðna *tilfinningu og ímynd*. Þau hjálpa okkur að skilja þann ugg, sem blundar í mörgum viðmælenda og ef til vill fleiri fræðimönnum, um að fagleg vinnubrögð séu ekki í öllum tilfellum viðhöfð eða alltént ekki nóg samlega, innan íslenskra háskóla. Þau hjálpa okkur líka að sjá ímyndina um biðraðamenningu og klíkuskap í vissu samhengi, hver svo sem tengsl ímyndar og veruleika kunna að vera.

Við þetta er því að bæta að sumir viðmælendur höfðu áhyggjur af því að framgangskerfi innan íslenskra háskólastofnana væri ekki nógu hvetjandi. Það væri hægt, með þolinmæði, að fá framgang, af botninum og til æðstu metorða, því sem næst sjálfkrafa eða fyrir að sinna kennslu: „*Engar af þessum stöðum þarf að auglýsa, vegna þess að þetta er alltaf sami aðilinn sem, hægt og hægt, verður alltaf stærrri og stærrri. Og þá er þetta alveg klassísk biðröð*“, lét Börkur til að mynda hafa eftir sér. Og Ásrún Drífa var á sama máli. Hún sagði meðal annars:

Þessar framgangsreglur þær eru þannig að maður fær framgang fyrir rest nema maður bara geri eitthvað af sér. Ef maður bara gerir eitthvað svolítið þá endar með því að maður fær framgang – en aðallega fyrir að vera að kenna voðalega mikið.

Viðmælendur nefndu ósjaldan að þörf væri á meira aðhaldi innan háskóla-kerfisins. Annar komst svo að orði:

Þannig að fólk sem er ekki að gera neitt – ég held að það séu alveg dæmi um það – hvorki rannsóknir eða kennslu, að það þurfi að fá að vita að staðan er ekki alveg örugg ef það gerir ekki neitt. Maður verður að skila einhverju. Og ég held að sumir komist eða hafi komist upp með það í áraraddir að gera ekki neitt.

Ljóst er að viðmælendur vildu gjarna sjá gerðar ríkari kröfur um afköst í starfi innan Háskólans. Undirbyggjandi er sú skoðun að háskóli eigi að vera vettvangur skapandi hugsunar, gagnrýni og framfara – þar liggi vægi vísindanna. Í veröld sem stöðugt tekur örum breytingum er fyrir öllu að vera í fararbroddi en fylgja ekki á eftir og akademían er engin undantekning. Á hinn bóginn voru þeir einnig sem vöruðu við því að of mikil pressa væri sett á vísindamenn, auk þess sem bent var á að kröfur um afköst verði að haldast í hendur við tækifæri og ráðrúm til þess að koma til móts við þær kröfur. Nánar verður vikið að þessu síðar.

Ef marka má þær skoðanir sem viðraðar voru í viðtölum, má ætla að sú tilfinning sé tiltölulega útbreidd, meðal fræðimanna sem starfa erlendis,

að atvinnutækifærin séu ekki svo ýkja mörg hérlendis, né heldur sáu viðmælendur fram á að breytinga væri að vænta. Einn úr þeirra hópi komst þannig að orði: „*Svo er eitt vandamál með háskólana – það er eitthvað sem við ráðum ekkert við – að Háskólinn er mannaður af ’68 kynslóðinni og þau eru ekkert að fara að drepast – þau bara eru þarna*“. Í viðtölum var all oft ýjað að því að Háskólinn væri „stöðnuð og íhaldssöm stofnun“, þar sem „*menn vilja sitja á sínu og hleypa ekki öðrum að*“. Að stöðnun verður vikið síðar.

Hafa ber hugfast að hér eru raktar upplifanir nokkurra einstaklinga, sem endurspeglar ákveðna ímynd af háskólasamfélaginu á Íslandi. Hver svo sem veruleikinn er í þessu efni verður ekki hjá því litið að þessi ímynd er til staðar. Og engum blöðum er um það að fletta, að í hugum viðmælenda er hér um að ræða neikvæða ímynd sem þyrfti að breyta. Það mætti, til að mynda, gera með aukinni áherslu á gagnsæi í ferlum og með öflugri kynningarstarfsemi. Fyrir öllu er þó að þeim sannleikskornum sem finnast í frásögnum viðmælenda verði ekki sópað undir teppi og brýnt hlýtur að vera að tryggja það að alla slíka ásteitingarsteina megi, af heilindum, leggja á vörðu fortíðarinnar.

Stofnanir, atvinnulíf og akademía: Gjá milli geira?

Það er ekkert náttúrulegt mál að doktorsmenntað fólk starfi í menntageiranum. Hvorki er það svo að allir þeir sem lokið hafa doktorsnámi eigi erindi inn í akademíuna, né er það svo að allir hafi áhuga á því. Í Norður-Ameríku, svo dæmi sé tekið, starfar um þriðjungur doktorsmenntaðra við menntastofnanir en um þrjár fjórðu hlutar stunda rannsóknir á einhverjum vettvangi.¹⁵ Þá bendir finnsk rannsókn¹⁶ til þess að eftirspurn eftir doktorsmenntuðum starfsmönnum, bæði í opinberri stjórnsýslu og í einkageiranum, sé umtalsverð. Helmingur stjórnsýslustofnana, þriðjungur opinberra

¹⁵ OECD [2006a], bls. 13.

¹⁶ Academy of Finland [2003] bls. 28-36.

rannsóknastofnana og fjórðungur stórra fyrirtækja (þ.e. með 500 starfsmenn eða fleiri) þar í landi, taldi sig þurfa að ráða einn eða fleiri doktorsmenntaða einstaklinga til starfa á þeim tíma sem könnunin var gerð. Þegar horft var fimm ár fram í tímann jókst hlutfallið verulega: 63% stjórnsýslustofnana gerðu ráð fyrir aukinni þörf fyrir doktorsmenntun (að meðaltali var gert ráð fyrir að ráða þyrfti 7 doktorsmenntaða einstaklinga eftir fimm ár) og 60% opinberra rannsóknastofnana. Þar af myndu hartnær 70% starfa við rannsóknir (einnig voru stjórnunarstörf, markaðssetning, starfsmannastjórnun og vöruþróun nefnd til sögunnar). Á almenna markaðnum var einnig fyrirséð aukin eftirspurn eftir doktorsmenntun. Einn fimmti hluti smærri fyrirtækja og tæplega tveir fimmtu hlutar stærri fyrirtækja sáu fram á að ráða til sín doktorsmenntaða starfsmenn eftir fimm ár. Í flestum tilfellum kæmu nýráðnir doktorar til með að starfa við rannsóknir og vöruþróun, en stjórnunarstörf komust þar líka á blað. Langskólamenntaðir eru alla jafna taldir eftirsóknarverðir starfskraftar í stærri samfélögum. Þar kemur margt til, svo sem sérhæfð þekking og reynsla, greiningarhæfni, gagnrýnið hugarfar og tilhneiging til þess að líta málin öðrum augum – nýstárleg sjónarhorn: „Maður þekkir það alveg mjög vel frá Bandaríkjunum að, eins og þessi ráðgjafafyrirtæki voru alveg æst í að ráða fólk með doktorspróf bara til að fá annað sjónarhorn á málin“, segir Börkur, sem fullyrðir að margir doktorar hafi einmitt áhuga á að starfa á almennum markaði en finni ekki gagnkvæman áhuga hérlendis:

Maður þekkir kannske mikið af fólki með doktorsgráður, sem hefur einmitt áhuga á að koma til Íslands og vinna [á almennum markaði]...En maður bara finnur það ekki. Og þá er eitt sem ég hef sagt sko: OK þá á Háskólinn líka bara að gera það að sínu markmiði að mennta atvinnulífið.

Daði Árnason, sem starfað hefur við og rekið fyrirtæki í lyfjaiðnaði erlendis um langt árabil, segir að sér hafi alla tíð þótt skorta framsýni og skilning á mikilvægi rannsóknarmenntunar hér á landi, ekki síst í iðnaði. Líkt og Börkur bendir hann hins vegar á, að erlendis sitji stórfyrirtæki um fólk með slíka menntun og tryggi sér starfskrafta þeirra löngu áður en námi lýkur. Að hans mati hefur Íslendinga löngum skort skilning, ekki aðeins á tækifærunum sem búa í sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, heldur

einnig því „netverki“ sem víðförlur vísindamenn hafa yfir að ráða, þar hafi mörg sóknarfæri farið forgörðum í gegnum tíðina.

Það virðist nokkuð almenn skoðun viðmælenda að hérlendis sé eftirspurn úr þessari átt, þ.e. af hálfu almenns vinnumarkaðar og úr opinbera geiranum, harla lítil og menntunin alls ekki metin sem skyldi. „Ég hef ekkert verið sjö ár í námi til þess að taka að mér skrifstofustörf“, voru viðbrögð Karlottu, sem telur að sín þekking nýtist best þar sem hagnýtar ákvarðanir, sem lúta að hagsmunum samfélagsins í heild, eru teknar. Hér er auðsýnilega gefið í skyn að doktorsmenntunin sé lítils metin og að langt nám beri mann í raun, aftur á byrjunarreit. Þegar málum er svo háttað virðist lítill hvati til þess að ólíkir geirar nálgist. Fram hefur komið að leiðin á milli fræðasamfélagsins og almenns markaðar er torfarin og hætt er við að ekki verði aftur snúið. Þar var vísað til þess að vísindamaður félli fljótlega niður í fræðilegum afköstum og ætti þar af leiðandi á hættu að missa af lestinni innan fræðasamfélagsins. Sumir viðmælenda töldu að á milli þessara tveggja heima væri ákveðið misgengi, sem ef til vill má að einhverju leyti, rekja til gagnkvæmra fordóma.

Það gætir ákveðinnar tilhneigingar til þess að líta á fræðasamfélagið sem lítinn og lokaðan heim sem er í litlum tengslum við raunveruleikann. Þetta er að minnsta kosti upplifun sumra viðmælenda, sem hafa þess vegna á tilfinningunni að hámenntað fólk hafi heldur neikvæða ímynd í atvinnulífinu.

Það er ákveðin hræðsla við fólk sem er komið með svona hæstu gráður. Menn velta fyrir sér sko heilabúi þessa fólks, hvað er það að hugsa og hvernig þessar hugsanir komast að einhverri niðurstöðu. En ég held að þetta sé að hluta til mýta. Að hluta til er það óöryggi gagnvart einstaklingum með æðri menntun. Svo í þriðja lagi held ég að það sé eitthvað til í þessu. Ég held að það séu margir akademíkerar sem eiga bara ekkert erindi, satt best að segja, út á hinn almenna markað. Hann er bara þess eðlis að það eru gerðar allt aðrar kröfur en akademíska námið hefur þjálfað þig upp í að mæta.

Karlotta telur að akademísk menntun temji mönnum að varpa fram spurningum og að líta málin gagnrýnum augum, sem sé í sjálfu sér jákvætt. Á hinn bóginn miði svör fræðimannsins gjarnan við það „*hvað beri að gera*“ en síður við það „*hvernig eigi að gera það*“. Hún telur að það kunni að skýra vissa ímynd af hinum akademíska huga sem er síður álitinn vera úrlausnarmiðaður, er talinn hægfara, of varkár og hallur undir efahyggju. Það kann líka að skýra tómlæti atvinnulífsins sem aðrir viðmælendur sögðust hafa fundið fyrir. Af orðum Karlottu að dæma gætir þar vantrúar á burði langmenntaðra til þess að takast á við hagnýt úrlausnarefni: „*Þeir eru hræddir við þennan akademíska part: Er ég orðin of „stuffy“, er ég orðin of mikið svona „muddled head“ til þess að koma inn í svona hraða prósseringu?*“

Hún gefur ennfremur í skyn að að einhverju leyti sé hér um einbera kreddu og vanmat að ræða. Á sama tíma er víða um heim kappkostað að greiða fyrir auknu samstarfi á milli akademíunnar og atvinnulífsins, bæði í þeim tilgangi að hleypa vaxtarbroddi þekkingarinnar inn í hringiðu atvinnulífs og iðnaðar, en ekki síður til þess að minna fræðasamfélagið á grundvöll sinn og hreyfiafl í þörfum mannlegs samfélags. Forsendur þeirrar viðleitni er hið almennt viðurkennda nýsköpunareðli vísindanna og vægi nýsköpunar í hagkerfi nútímans. Í þessu sambandi má geta þess að Evrópusambandið stefnir markvisst að því að auka hreyfanleika á milli þessara tveggja heima og hefur hleypt af stokkunum metnaðarfullu átaki í þá veru.¹⁷ En ef marka má þau ummæli þátttakenda í þessari rannsókn, sem hér hafa verið rakin, er margt óunnið í þessum efnum á Íslandi.

Ef til vill er þá réttast að taka undir áður nefnd orð eins viðmælanda í þá veru að háskólasamfélagið þurfi að mennta atvinnulífið. Hæpið er að bera forkólfum í atvinnulífinu á brýn algert fálæti í þessu sambandi. En eigindleg rannsókn á vegum RANNÍS hefur meðal annars leitt í ljós að þrátt fyrir að stjórnendur fyrirtækja í hátækniíðnaði telji nauðsynlegt að hafa aðgang að þekkingu og rannsóknarvinnu og líti svo á að aukin menntun, þar með

¹⁷ Sbr. ESB [2006b].

¹⁸ Margrét Valdimarsdóttir [2006].

talin doktorsmenntun, sé þjóðfélaginu til hagsbóta, þá sjái þeir almennt ekki þörf fyrir starfsfólk með rannsóknarmenntun innan vébanda sinna fyrirtækja.¹⁸

Áður en vikið verður að öðru efni og sagt skilið við umræðuna um atvinnutækifæri skal gefinn gaumur að opinberum stofnunum utan menntakerfisins. Af þeim vettvangi er harla svipaða sögu að segja. Viðmælendur, sem á annað borð hafa þreifað fyrir sér á þessu sviði, telja almennt ekki að krefjandi atvinnutækifæri leynist að neinu ráði inni á opinberum stofnunum. Bent var á það í viðtölum að miklu máli skipti að hafa réttu samböndin og pólitísk tengsl voru sérstaklega tilgreind í því sambandi. „*Það er hér sem vandamálið liggur [...] allar þessar stofnanir auglýsa aldrei stöður. Og þar eru klíkurnar, þar virkar klíkan*“, segir doktor á sviði líftækni. Karlotta telur, af eigin raun, að íhaldssemi hafi sitt að segja og einnig að það fyrirfinnist óöryggi gagnvart langmenntun: „*Fólk verður svona svolítið hrætt við þessa manneskju sem er komin með svona „new way of thinking“*“. Hún telur þó að vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförunum árum sé þörf fyrir þessa „nýju hugsun“. Stjórnkerfið, efnahagslífið og samfélagið í heild er orðið miklum mun flóknara en það var fyrir örfáum árum og úrlausnarefnin eftir því margslungnari. Á öllum sviðum eru gerðar kröfur um meiri þekkingu. „*Þannig að, eins og greiningardeildir bankanna, þá þarf stjórnsýslan að hafa svona greiningardeildir*“, segir doktor í félagsvísindum og bendir jafnframt á að á þessu sviði sé, svo ekki verði um villst, heilmikil þörf fyrir hæfa einstaklinga sem hlotið hafa haldgóða þjálfun í greiningu og rannsóknum. Þetta viðhorf sem hér er viðrað kemur heim og saman við rannsóknir sem framkvæmdir hafa verið erlendis og vísað var til í upphafi þessa kafla.

Eftir sem áður finna viðmælendur ekki fyrir eftirspurn eftir sinni menntun á almennum vinnumarkaði, en þarfagreining hefur ekki farið fram hér á landi. Skortur á slíkri greiningu var meðal annars gagnrýndur í úttekt OECD á íslenskum háskólastofnunum.¹⁹

¹⁹ OECD [2006b].

Hér að framan voru leiddar að því getur að misgengið milli fræðaheimsins og vinnumarkaðarins mætti rekja til gamallar kreddu um akademíska sveimhuga. Alltént hefur aldrei skapast hefð fyrir doktorsmenntun á vinnumarkaði hérlendis. Á þetta bentu flestallir viðmælendur, en sumir vildu jafnframt meina að breytingar væru í aðsigi hvað þetta varðar, enda hefur hámenntuðum fjölgað stórlega á Íslandi að undanförmu. Enn sem komið er bendir þó ýmislegt til þess að atvinnulífið eigi eftir að taka við sér.

Starfsumhverfi, fjármögnun og aðstaða til rannsókna

„Það er starfsumhverfið sem fólk setur fyrir sig“

(Óttar Bergsson)

Engum getur dulist að vísindastarf krefst viðamikillar umgjardar, bæði í formi mannaúðs (eða skapandi samfélags vísindamanna), efnislegra aðfanga og innviðar. Hvers kyns vísindastarf útheimtir efnivið af einhverju tagi, tæki og tól, ekki síður en hugvit og útsjónarsemi. Ekki má heldur gleyma því að til þess að sinna rannsóknum þarf tími að vera fyrir hendi. Frumafurð fræðastarfsins er þekkingin, sem kann að geta af sér margvíslegar annarlegar afurðir, hvort sem það eru tækninýjungar, nýstárlegar aðferðir við iðnframleiðslu eða hvaðeina. En þekkingin verður ekki til af sjálfri sér.

Óhætt er að segja að viðmælendur hafi verið á einu máli um það að hérlandis væri aðstöðu til vísindarannsókna mjög ábótavant. Þegar litid er til faglegra þátta sem viðmælendur töldu fráhrindandi við Ísland þá stendur það upp úr að *„starfsumhverfið hefur bara ekki verið til staðar“*, eins og Óttar Bergsson benti á. Hann sagði jafnframt: *„Ég held að það að geta gert eitthvað, framkvæmt rannsóknir skipti öllu máli. Vegna þess að [...] það er verra að koma heim og vera á góðum launum en geta ekki gert neitt“*.

Greina má starfsumhverfi í þrjá megin þætti: 1) aðgang að nauðsynlegum efniviði (og þar með fjármagni), 2) ráðrúm til þess að stunda rannsóknir og loks 3) samfélag vísindamanna.

Aðgangur að efniviði (fjármögnun)

Vísindamennirnir sem rætt var við voru flestir uggandi yfir skorti á fjármagni og nauðsynlegum aðbúnaði til þess að sinna rannsóknum.

Skemmst er að minnast umræðu um bókakost Háskóla Íslands. Það kom berlega í ljós í viðtölum, að þetta ástand er mönnum ofarlega í huga og að takmarkaður aðgangur að fræðiritum dregur úr áhuga manna á því að starfa við Háskólann. Í þessu sambandi gat einn viðmælenda þess, að hygðist hann snúa heim og taka upp störf hér á landi, þyrfti hann að segja skilið við sitt rannsóknarsvið og snúa sér að öðru, þar sem safnkosturinn setti rannsóknum skorður. Víst má vera að lítið samfélag getur tæplega staðið undir sérfræðirannsóknum á öllum sviðum og þeirri staðreynd sýndu viðmælendur skilning. En það skal tekið fram að fjórir þátttakendur, sem starfa á fjórum ólíkum fagsviðum, gerðu aðgang að fræðiritum að umtalsefni og létu að því liggja að brýn þörf væri á umbótum.

Sumar vísindagreinar krefjast talsvert viðameiri umgjarðar en aðrar. Rannsóknir á sviði líf- og læknavísinda, svo dæmi séu nefnd, útheimta til að mynda rannsóknarstofur með tilheyrandi tækjabúnaði. Og þá er ótalinn ýmis efnis- og starfsmannakostnaður. Sex af tíu þátttakendum í þessari rannsókn hafa menntað sig á sviði raunvísinda, líf-, lækna- eða tæknavísinda. Öll gáfu þau til kynna að aðbúnaður og rannsóknaraðstaða væri áhyggjuefni hér á landi. Þetta hafði Börkur Engilbertsson um málið að segja:

Af hverju vilja vísindamenn vera erlendis en vilja ekki vera hér, eða af hverju vilja þeir síður vera hér? Eins og í mínum bransa sko, þá snýst þetta mikið um tæki og tól, aðgang að ensímum og sýnum o.s.frv. Ég í Noregi hef heilt „network“. Þannig að ef maður vill láta kristallera prótein þá setur maður það þarna og gerir þessa rannsókn þarna. Og það eru tölfraeðingar sem hjálpa með þetta og hitt. Þannig að það er rosalegur „infrastrúktur“ sem þú ert hluti af. Þú getur notað þér hitt og þetta. Hérna er ekkert slíkt.

Börkur sagði enn fremur:

Infrastrúktúrinn sem er til staðar núna er náttúrulega bara svona kunningsiasamfélag. Þú veist: þú ert með þetta tæki og ég er með þetta tæki og ef það bilar hjá þér og svona. Það er kannske allt í lagi, raunhæft því við erum ekki með mikið af peningum. En það fyrsta sem þarf að gera, til þess

að fólk hafi áhuga á að koma, er að byggja upp infrastrukúr. Þannig að fólk hafi aðgang að góðri smásjá og öllu svona þannig að það er eitt af því sem þarf að gera.

Það mætti bera því við að vegna þess hve ungt íslenskt vísindasamfélag er og smátt í sniðum, sé það ekkert undrunarefni að hér skorti þá umgjörð sem þykir sjálfsgöð í rótgrónum fræðasamfélögum. Hvað sem því líður finnst viðmælendunum sem þeir mæti algeru skilningsleysi í þessum efnunum. „*Forkastanlegur skortur á framsýni*“, segir Daði Árnason, sem starf að hefur vestan hafs um langt árabil. Hér er ýjað að því að stjórnvöld hafi þybbast við að horfast í augu við þau almennt viðurkenndu sannindi, að efnahagsleg velmegun sé að verulegu leyti undir öfluglu vísindastarfi komin. Óttar Bergsson gerir því skóna að Háskólinn hafi hugsanlega ekki verið nógu ötull við að hamra á mikilvægi rannsókna:

Það þarf bara að segja fólki frá því að ef það eru ekki sterkar grunnrannsóknir þá verður aldrei til neinn iðnaður [...] Þegar þessi sterki grunnrannsóknakúltúr er ekki til staðar, þá verður ekkert „spin-off“ sem hægt er að setja út í atvinnuvegina. Og þetta er svona hugsun sem ég held að stjórnmalamenn og aðrir sem eru í þessu fatti ekki.

Börkur bendir á að ýmislegt í umhverfinu hafi letjandi áhrif á rannsóknarmenningu. Hann fullyrðir að stofnanir hafi lítinn hag af því að starfsmenn stundi rannsóknir. Sótt er um rannsóknarstyrk þar sem þess er krafist að umsækjandi geri grein fyrir mótframlagi. Veruleikinn mun vera sá, að sem mótframlag er reiknaður vinnutími viðkomandi starfsmanns, notkun á tækjabúnaði, aðgangur að sýnum o.þ.h.: „*Einhver sýndarveruleiki*“, eins og Börkur komst að orði. Styrkurinn hrekkur skammt. Hann dekkar til að mynda ekki launagreiðslur til viðkomandi. Við svo búið er hætt við að málið horfi þannig við yfirmanni stofnunar, að starfsmaðurinn sé bæði annars hugar og slíti tækjum meir en ráð er fyrir gert, að stofnunin tapi, með öðrum orðum, á því að starfsmaðurinn sinni þessum rannsóknum.

Rannsóknir taka bara tíma frá starfsfólkinu og þeir vilja ráða sem fæsta og vilja ekkert vita meir. Þetta er lykkillinn að þessu öllu. Og alveg sama með

Háskólann í sjálfu sér. Mikið af þessu fólki sem er í Háskólanum, sem er bara orðið prófessorar, er mest bara í kennslu. Um leið og þau fara að fá styrki frá Rannís, þá þarf fleiri ritara og meira efni. Það kostar bara hluti.

Viðmælendur vilja gjarnan sjá styrkjakerfi sem gerir það að verkum að stofnanir (eða fyrirtæki) sjái sér hag í því að stunda rannsóknir og ráða til sín dugmikið og vel menntað starfsfólk sem sótt getur í slíka styrki með góðum árangri og dregið þannig fjármagn inn í starfsemina. Í sumum tilfellum kæmi slíkt fjármagn erlendis frá. Hugmyndin felur í sér að styrkir væru af þeirri stærðargráðu að þeir keyptu starfsmenn lausa, ef svo má að orði komast, þ.e.a.s., dekkudu launagreiðslur fyrir þann vinnutíma sem ekki væri varið í hefðbundin og umsamin skyldurstörf starfsmannsins. Þannig ætti rannsóknarstarfsemi starfsmanna ekki að koma niður á stofnuninni. Viðmælendum var tíðrætt um að stórefla þyrfti styrkveitingar. Til þess að laða hæfileikafólk hingað til lands þyrfti að bjóða upp á veglega „start-up“ pakka. Fjármögnun sem tekur til allra þátta og tryggir framvindu verkefna til nokkurra ára.

Og ég held að eitthvað svona sé alveg nauðsynlegt til þess að fá fólk til að koma heim og byrja. Vegna þess að ég hef bæði heyrt og get ímyndað mér að það, að koma ferskur frá útlöndum og ætla sér að byrja, það sé mjög erfitt. Vegna þess að [...] það er takmarkað fjármagn. Þú bætist í hópinn sem er að slást um þennan pott sem er fyrir.

Allt er þetta spurning um fjármagn og sú spurning leiðir af sér aðra: Hvaðan á fjármagnið að koma? Við því er e.t.v. ekkert einhlítt svar. Viðmælendur töldu þó flestir að ræða þyrfti fordómalaust um allar leiðir sem færar eru. Þetta er bæði gömul saga og ný, en þess má geta að þörfin fyrir nýjar fjármögnunarleiðir er meðal þess sem bent er á í títtnefndri úttekt OECD á háskólaumhverfinu hér á landi. Nokkrir viðmælendur gerðu yfirlýsingar, þess efnis að Ísland stæði sig vel í alþjóðlegum samanburði á fjárveitingum til menntamála, að umtalsefni. Viðkvæðið var jafnan það að hlutfalla-reikningur gæfi einfaldlega ekki rétta mynd af stöðunni. Bent var á að erlendis fái vísindamenn svo mikla peninga annars staðar frá, þ.e.a.s. frá einkaaðilum. Sérstaklega var viðmælendum tíðrætt um að hér væri ekki

sama „velgjörðarmannamenning“ og víða erlendis, þar sem menn jafnvel keppa um mannvirðingar með framlögum til menntamála. Oft var þess getið að almennt hugarfar í þjóðfélaginu þyrfti að breytast. Það þarf að skapa einhvern skriðþunga í kring um vísindin. Fólki hefur á tilfinningunni að peningarnir séu fyrir hendi en menningin ekki.

Það er deginum ljósara að tækifærin eru stór. En það þarf hugarfarsbreytingu á mörgum stöðum, eins og ég er búinn að lýsa. Svo er sú spurning: er hægt að breyta því? Ég myndi segja já. En það þarf að vinna að því á fleiri en einum stað. Það er margslungið. Það þarf að vera með „lobbí-vinnu“ á nokkrum stöðum

sagði Óttar og bætti við:

Ég held að Íslendingar, stórfyrirtæki og allir, myndu líta á það mjög jákvætt að fá heim fólk og auka rannsóknir. Og að gera bæði fyrirtækjum og almenningsi ljóst, að með því að auka gæði og umfang grunnrannsókna, þá gefur það af sér, seinna meir, gífurleg atvinnutækifæri. Það er engin spurning.

Tóm til að sinna rannsóknum

Þegar kemur að hinni tímalegu vídd á spurningunni um tækifæri til þess að stunda rannsóknir má aftur greina tvo þætti: Annars vegar reglubundin rannsóknarleyfi og hins vegar álag vegna annarra skyldustarfa. Að því er varðar fyrri þáttinn, voru viðmælendur tiltölulega jákvæðir. Af ummælum þeirra að dæma, sem á annað borð tjáðu sig um þetta tiltekna efni, virðist Háskóli Íslands bjóða nokkuð góð kjör að þessu leyti og fyllilega sambærileg við það sem gengur og gerist erlendis. Þegar hins vegar talið berst að álagi vegna skyldustarfa sem ekki tengjast rannsóknum beint, þá kemur annað hljóð í strokkinn. Viðmælendur voru almennt á þeirri skoðun að kennsluskylda bæði og skrifinnskustörf tækju of mikinn tíma frá rannsóknum. Slíkt veldur stöðnun:

Ég er búinn að sjá það, að hvort sem menn eru hér á Íslandi eða annars

staðar, að ef menn ætla að ná langt í rannsóknum þá er náttúrulega ekki hægt að drepa fólk í kennslu og administrasjón og að sækja um pening og gera allt mögulegt annað. [...] Og þó ég þekki ekki Ísland mjög vel þá held ég alla vega, eins og ég sé það, að þetta sé svolítill akkúlesarhæll hjá fólki, sem er ráðið hjá Háskóla Íslands, að það sé of mikil kennsluskylda. Og svona of mikið annað en það að einbeita sér að rannsóknum. Auðvitað er það nauðsynlegur þáttur, kennsla og administrasjón og allt það. En það er ekki hægt að bjóða fólki upp á og ætlast til þess að það geri rannsóknir á heimsmaelikvarða á meðan það er í fullu starfi við að gera eitthvað annað. Það er ekki mögulegt.

[...]

Fólk sem að öllu jöfnu myndi og ætti að stunda rannsóknir, hefur ekki tök á því, vegna þess að það hefur svo miklar aðrar skyldur og það hefur lítið fjármagn. Þannig að því er eiginlega ýtt út í þessa stöðnun sjálfkrafa. Það er bara kerfið sem gerir það. Þannig að einn daginn vakna allir við það að það er bara búið að ýta öllum út í horn. Sumir eru eflaust ánægðir með það.

Sem fyrr greinir er það ekkert sérálit að kennsluálag sé of mikið hér. Hér takast á ólík sjónarmið. Er það, til að mynda, forsenda fyrir hágæða kennslu að kennarar stundi jafnframt rannsóknir? Eða er hættan sú að metnaðarfullur vísindamaður sem hefur mikla kennsluskyldu taki að líta á kennsluna sem bagga og slái slöku við á þeim vettvangi, líkt og einn viðmælanda benti á? Og hver er akkur nemandans í því að njóta handleiðslu framúrskarandi vísindamans sem kennir með hangandi hendi? Sjónarmið þeirra vísindamanna sem þátt tóku í þessari rannsókn var fyrst og fremst það að rannsóknarstarfsemi líði fyrir ónógan tíma sem gagngert er úthlutað til þeirrar starfsemi. Þeir bentu jafnframt á að ósanngarnt væri að álasa mönnum fyrir að framleiða lítt þegar allur tími færi í annað. Því verður mat á störfum manna að taka mið af aðstæðum – það er ekki bara hægt að standa upp einn góðan veðurdag og segja: „Héðan í frá ætlum við að umbuna fyrir rannsóknir og birtingar“, ef fólk hefur ekki tækifæri til að rannsaka og búa hugmyndir til birtingar.

Við þetta er því að bæta að til eru fræðimenn sem vilja gjarnan helga sig nemendum og sinna kennslustörfum. Sömuleiðis fyrirfinnast fræðimenn

sem ekki finna sömu þörf fyrir að stunda rannsóknir. Viðmælendur sýndu, sumir hverjir, skilning á því. Ólöf kunni að segja af einstaklingi sem hélt uppi heilli deild kennslulega séð en fékk skammir í hattinn fyrir ónóg afköst, þar sem það dró deildina niður í tiltekinni rannsóknvísitölu. Svo virðist sem upp sé komin aðkallandi spurning: Er rétt að greina á milli kennslu og rannsókna í ríkari mæli en nú er gert? Einn viðmælendi gat þess, að þar sem hann þekkir til á Norðurlöndum hafi slík leið verið farin og gefið góða raun. Þetta er umhugsunarefni. Ekki er þar með sagt að kennsla geti ekki verið rannsóknatengd. Það má til dæmis líta svo á, hvað varðar kennara sem standa framarlega á sviði rannsókna, að þeirra innkoma í kennslu eigi fyrst og fremst að vera í framhaldsnámið, fyrir meistara- og doktorsnema. En þetta er álitamál sem vart verður til lykta leitt í svipinn.

Það mætti svo þylja sama óðinn um stjórnunar- og skrifstofustörf. Nægir þó hér að geta þess að viðmælendur óttuðust margir hverjir að það yrðu örlög þeirra, ef þeir snéru heim, að sýsla við skriffinnskustörf og „*koðna niður*“ faglega. Rannsóknir einfaldlega rúmist ekki innan sama tímaramma og aðrar skyldur sem lagðar eru á herðar fræðimanna hérlendis. „*Það eru takmörk fyrir því hvað fólk vill gera á kvöldin og um helgar bara til þess að viðhalda sínum rannsóknakarrier*“, eins og Ásrún Drífa komst að orði.

Fræðasamfélag

„Það er náttúrulega erfitt í litlu samfélagi eins og hér – og kemur alltaf til með að vera erfitt – að skapa svona þetta „stímulerandi“ umhverfi sem er við svona skóla úti“

(Skorri Arinbjarnarson)

Það kveður raunar við annan tón og öllu jákvæðari þegar viðmælendur nefna kost og löst á samfélagi vísindamanna hérlendis. Í megindráttum lýstu þau velþóknun á því fræðastarfi sem fram fer á Íslandi. Hér væri í raun ótrúlega mikið gert miðað við smæð samfélagsins og takmarkað fjármagn. Breytingarnar hafa verið miklar að undanförmu eins og Gylfi bendir á:

Náttúrulega er vísindasamfélagið miklu áhugaverðara en það var, fyrst þegar ég var hér. Þannig að það er náttúrulega að mörgu leyti mjög gott að vera hérna sem vísindamaður

[...]

Það sem hefur breyst mest er bara þessi ótrúlegi fjöldi menntamanna sem hefur komið til baka. Þetta er allt öðruvísi samfélag heldur en þegar ég fór. Og á miklu hærra plani. Það er allt rætt, öll efni erlendis frá eru strax til umræðu. [...] Og það er miklu auðveldara að koma til Íslands núna heldur en það var og bara lifa, í raun og veru, meira og minna, bara í vísindasamfélagi, finnst mér. Þú getur bara komið hingað og hittir tóma menntamenn sem hafa farið í gegnum svipað og þú og hugsa að því leyti á svipuðum nótum og þú.

Glöggst má greina í orðum Gylfa sterka tilfinningu fyrir því að gríðarmikil gerjun eigi sér stað í íslensku fræðasamfélagi um þessar mundir. Hann lítur svo á að nýjar háskólastofnanir spili rullu í þessum ferli enda skapa þær atvinnutækifæri og vissa „pólariseringu“, sem aftur ýtir undir skapandi og gagnrýna umræðu. Fjöldinn allur af langskólamenntuðu fólki á færi á því að starfa innan fræðasamfélagsins og láta ljós sitt skína. Þá hélt Ólöf því fram að samtök sjálfstætt starfandi fræðimanna á borð við Reykjavíkur-Akademíuna hefðu gjörbreytt landslaginu í íslensku fræðasamfélagi, hrist verulega upp í Háskóla Íslands og veitt þeirri stofnun nauðsynlegt aðhald. Það kom líka fram í máli Gylfa að nálægðin væri mikil í íslensku fræðasamfélagi. Í einn svipinn er það mjög jákvætt, að hans sögn. Það gerir að verkum að maður finnur fyrir því að vera hluti af einu samræðusamfélagi. Í hinn svipinn hefur smæðin á sér vissa annmarka.

Því það sem gerist þegar þú hefur svona samþjappaðan hóp er að hann fer bara að tala saman. [...] Það er hætt við því að það byrji bara að berja hvort á öðru, skilurðu. Þetta er svona aðeins kostur. En það er galli á þessu líka [...] Ég hafði áhyggjur af því að ég myndi bara festast of mikið í samræðum við aðra.

Og Gylfi var ekki einn um að óttast að lífið í litlu samfélagi leiddist út í einhverja innansveitarkróníku. Þvert á móti bar tilhneigingu til einangrunar

og naflaskoðunar ítrekað á góma í viðtölum. Ólöf lét meðal annars að því liggja að allt of mikil áhersla væri lögð á séríslensk vandamál. „Við megum alveg fara svolítið út fyrir landið til að gera rannsóknir. Mér finnst það. En mér finnst ekkert að því heldur að taka Ísland inn sem samanburð“.

Að verða innlyksa á Íslandi

Hér hefur verið rakin margvísleg gagnrýni sem snýr að háskólaumhverfinu á Íslandi og viðmælendur létu í ljósi. Vert er að staldra við og reyna að ímynda sér, nú þegar dregin hefur verið viss heildarmynd af þessu efni, hversu raunhæft það er að ætlast til þess að efnilegt og jafnvel framúrskarandi vísindafólk taki ákvörðun um að flytja til Íslands. Er Ísland fýsilegur kostur fyrir þetta fólk? Það virðist samdóma álit viðmælenda að atvinnutækifæri séu af skornum skammti og starfsöryggi tiltölulega lítið, sér í lagi fyrir nýdoktora. Aukheldur eru þau tækifæri sem þó gefast að mörgu leyti óáhugaverð, þar sem þeim fylgir ekki tilhlýðilegur aðbúnaður né heldur nógsamlegt ráðrúm til rannsókna. Segja má að þau séu einvörðungu krefjandi að því leytinu til, að farið sé fram á hvort tveggja í senn, að menn gjaldi torfalögin (þ.e. að innt sé af hendi fullt starf við kennslu ásamt með verulegum skriffinnskuskyldum) og skili þess utan einhverjum afköstum í rannsóknarstarfi – án þess þó að neinu sé til kostað sem tali tekur. Víst er að harla erfitt reynist að mæta slíkum kröfum. Eins víst er að ekkert verði úr afköstum.

„Það væri líklega óráðlegt að segja upp sínu starfi til að koma hingað í kennslustarf hjá kennsluháskóla sem er ekki sérlega hátt skrifaður“. Með þessum orðum vísar Ásrún Drífa til þess að sökum aðstöðuleysis detti rannsóknarvirkni niður og þar með verði erfiðara að halda haus í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Athyglivert stef, sem segja má að hafi verið gegnum gangandi í viðtölum, lýtur einmitt að þeim kvíðboga sem viðmælendur bera fyrir þessu „afdráttarlausa“ vali: „Að snúa eða að snúa ekki heim“ – hversu það er endanlegt. Fórmarkostnaðurinn er mikill og það verður ekki aftur snúið. „Að koma aftur [til starfa erlendis] er ekki hægt.“

Það er bæði að starfið manns er ekki lengur til og það er álitshnekkir að hafa gefist upp“, segir Þorbjörn Sveinsson. Þegar heim er komið er hætt við að tengslin við alþjóðlega fræðasamfélagið dofni smám saman, eins og Skorri lýsir:

Það eimir eftir af þessu í svona 5-10 ár, eftir því hvað fólk er duglegt við að halda tengslin. En það er óttalegt basl. [...] Það virðist alltaf koma að því að þetta fjarar út og fólk endar með því að vera komið í einhverjar svona svólítið miklar naflaskoðunarpælingar.

Eftir sem áður er ákveðið móralskt togabl. Skorri segir:

Ég held samt sko að ég væri mjög sáttur við sko að [...] gera landinu gagn með því að vera með einhvers konar tengsl sko. Vera hérna með annan fótinn af og til frekar heldur en bara að flytja mig um set og færa mig hingað. Svona akademískt séð væri það dálítið mikil fórn. Sko ég get verið að gera hluti úti sem ég gæti ekki í raun verið að gera hér.

Gylfi talar á svipuðum nótum. Hann segist finna löngun til þess að vera hér um tíma – nokkur ár – en vill eiga þess kost að snúa aftur til baka. Það hafi hins vegar verið áhætta sem hann vildi ekki taka. *„Ég vildi ekki taka áhættuna á því að ég myndi vera hérna í 4-5 ár og svo ekki geta komist í burtu aftur*“. Hér togast bersýnilega á tvennir kraftar, einlæg löngun til þess að taka þátt í uppbyggingu íslensks fræðasamfélags (ásamt með tilfinnanlegri þörf fyrir snertingu við menningarlegar rætur) og faglegur metnaður – heilbrigð metorðagirnd, sem er drifkraftur framfara. Þá er sérlega athyglivert, að einn viðmælenda telur sig vinna íslensku fræðasamfélagi meira gagn með því að starfa erlendis að rannsóknnum sem tengjast Íslandi. Ástæðan er sú að héraendis er engin aðstaða til þess.

Þrátt fyrir að viðmælendur kunni frá ýmsu jákvæðu að segja um fræðasamfélagið á Íslandi og þær framfarir sem orðið hafa, virðist óhætt að leggja þann skilning í ummæli þau sem hér eru höfð eftir, að frá faglegum sjónarhóli séð og í alþjóðlegu samhengi, líti doktorarnir gjarnan svo á að Ísland sé blindgata.

Samfélag og þjóðfélagssumræða

„Boðskapurinn er sá að Íslendingum finnst doktorsgráður ekki vera neitt merkilegar“

(Börkur Engilbertsson)

Eins og fram hefur komið lögðu viðmælendur mikið upp úr félagslegum og menningarlegum þáttum í víðum skilningi. Segja má að þátttakendurnir í þessari rannsókn hafi sérstakt (og sem slíkt áhugavert) sjónarhorn á íslenskt samfélag, þar sem þeir hafa dvalið erlendis um lengri eða skemmri tíma en komið til landsins með reglulegu millibili. Því má ætla að þeir séu bæði næmir fyrir breytingum og ýmsum kynlegum kvistum, góðum bæði og slæmum, sem heimafólk er löngu hætt að nema. Í grundvallaratriðum er afstaða viðmælendanna svipuð: Íslenskt samfélag hefur tekið stakka-skiptum og þróunin hefur að miklu leyti verið jákvæð. En ekkert er einhlítt í þessu efni frekar en öðru. Einn viðmælandi hafði orð á því að frjáls-ræði hefði aukist til muna og ýmiskonar höft verið afnumin. Annar kvartaði á hinn bóginn undan því að hafa ekki „*frælsi andans*“ hér á Íslandi. Hvað á doktor í félagsvísindum við þegar viðkvæði er „*að mörgu leyti er Ísland orðið mjög þröngt samfélag*“? Nú verður vikið að þátttöku fræðimanna í þjóðlífssumræðu, hinu gagnrýna hlutverki akademíunnar og um-ræðumeningunni sem hér ríkir. Leitast verður við að skýra ofangreind ummæli um þrengsl og andlegt helsi í þessu samhengi. Á sjónarhorn fræðimanna á málefni líðandi stundar erindi við almenning? Er umhverfið móttækilegt fyrir slíku innleggi?

Karlotta Ófeigsdóttir lýsir upplifun sinni af því að koma inn í íslenskt samfélag eftir langa námsdöl erlendis:

Ég kem inn í miklu meiri þrengsl og inn í allt öðruvísi fjölmiðlun og að sumu leyti einmanalegra umhverfi fyrir svona sérfræðingasamfélag. [...] Þú hefur minna svigrúm til þess að taka afstöðu. Jafnvel þó það séu ekki skoðanir heldur bara upplýsingar sem þú kemur með, þá hefur þú minna svigrúm. Af

Því að það er alltaf búið að flokka þig og koma þér fyrir einhvers staðar. Þú ert að koma fram með ákveðin sjónarmið og þá er alltaf verið að reyna að staðsetja þig.

Í litlum samfélögum verða skilin á milli hins opinbera lífs og einkalífs gjarnan þokukennð. Mönnum reynist oft erfitt að greina athafnir, sem framkvæmdar eru á opinberum vettvangi, frá sjónarmiðum og persónulegri sannfæringu gerandans. Nokkrir úr hópi viðmælenda töldu sig finna fyrir þessum andlegu þrengslum og litu jafnvel svo á að ekki væri sérstaklega aðlaðandi fyrir fræðimenn að leggja orð í belg fyrir opnum tjöldum.

Einkum var bent á að gagnrýni væri almennt illa liðin í íslensku samfélagi, sem væri beinlínis ómóttækilegt fyrir áleitinni og uppbyggilegri umræðu. „*Það er ekki pláss fyrir þessa umræðu út af nálægðinni og spennunni*“, fullyrti viðmælandi. Sumir viðmælendur bentu á að gagnrýni væri ævinlega persónugerð og fólk dregið í dilka. Þvínæst upphefst hnútukast á milli ólíkra hópa, en málefnið, hið raunverulega álitamál fellur í skuggann. Málin eru alla jafna rædd á forsendum „skotgrafarstílsins“, spurt er „í hvoru liðinu ertu“ og svo byrjar ballið. „*Allt nýtt sem kemur þar inn getur verið mjög ógnandi. [...] Þannig að það er svona voða lítið pláss fyrir þriðja sjónarhornið*“, sagði Karlotta.

Er þá æskilegt að sérfræðingar taki virkan þátt í þjóðmálaumræðu? Álitamálin eru jafnan margslungin, svo oft þarf að velta upp mörgum steinum til þess að fá heildarsýn á jarðveginn sem við byggjum samfélagið á. Sérfræðiþekking, greiningarhæfni og þjálfun þeirra sem gengið hafa í gegnum rannsóknarnám ætti að koma að góðum notum í þessu efni, til þess að draga fram mikilvæga þætti og velta upp vandamálum sem ella hefði verið litið framhjá. Almennigur á að geta gert kröfu um það að málin séu skýrð í þaula og af heilindum, ekki aðeins út frá sjónarmiðum hagsmunadila. Þessa saknar Óttar Bergsson til dæmis: „*Sko hvar eru allir vísindamennirnir hérna? Mér finnst þetta hafa verið svolítið mikið einstefna frá sko [hagsmunadilum]*“. En kannske er hér engin ráðgáta á ferð: „*Þetta er nú kunningjapjóf félag og menn kannske vilja ekki vera að standa upp og*

stygga hver annan“. Sams konar hugmynd um þörf fyrir sjálfstæða þjóðfélagsrýna sem óháðir eru stríðandi fylkingum kom upp oftar en einu sinni í viðtölunum.

Getum við með sanni sagt að fræðimaðurinn sé hlutlaus? Það má ekki of-túlka hugmyndina um hlutlægni og jafna henni saman við vélrænan óskeikulleika. Eftir sem áður hefur fræðimaðurinn tamið sér vissa aðferðafræði sem miðar að hlutlægni eða opinni útlistun á tilteknum sjónar-miðum. Aðferðir og fræðilegar forsendur má aftur greina og gagnrýna. Þær eru uppi á borðinu ef svo má að orði komast. Það er því ekki svo að með orðum vísindamannsins falli endanlegur dómur í neinu gefnu máli. Þau eru aðeins innlegg í umræðuna, innlegg sem hægt er að vinna með, gagnrýna eða byggja á við stefnumótun og framkvæmd. En þau eru umfram allt greinandi og leiðbeinandi. Ákvarðanataka, aftur á móti, er á höndum annarra, eins og einn viðmælenda benti á:

Við eigum að samþykkja að það er til nokkuð sem heitir pólitískir prósessar og við bara verðum að viðurkenna það. [...] En það er líka til eitthvað sem heitir þekking og þekkingarsamfélag. [...] Og þetta gerir líka þá kröfu til fræðimanna að þeir kyngi því og sætti sig við að þannig er það bara. Þarna er þessi pólitíski heimur og hann hreyfist samkvæmt ákveðnum lög-málum. Ég er búin að gera mitt en svo þarf maður að sætta sig við það að þegar hugmyndin er komin frá þér, þá er hún ekki þín lengur. Þá er það stjórnmalamannanna að vinna úr henni og útleggja hana. Þannig að menn þurfa að sættast hvor á annan, ekki bara stjórnmalamenn við fræðasamfélagið, heldur verður fræðasamfélagið að fallast á að svona vinnur pólitíkin.

Látið var að því liggja að akademíuna á Íslandi skorti sjálfstæði. Einn við-mælenda sagði akademíuna vera undir hæl stjórnvalda. Háskólasamfélagið er að mestu rekið fyrir fé úr ríkissjóði og þess vegna „*fer akademían hér svolítið mikið inn í það að kaupa sér svolítið „goodwill*““. Við svo búíð er vitanlega hætt við því að háskólasamfélagið megni ekki að upp-fylla vissan hluta af félagslegu hlutverki sínu. Í þessu sambandi var nefnt að ákjósanlegt væri að búa að sjálfstæðum rannsóknastofnunum, eins og fyrirfinnast víða erlendis. Aftur á móti er erfitt að sjá hvernig slíkt rúmast

Í jafn litlu samfélagi og Ísland er. Hvaðan ætti fjármagnið til að mynda að koma?

Eins og málin standa virðist ríkja ákveðin tortryggni á milli þessara tveggja heima, eins og sambandið kemur viðmælendum fyrir sjónir. „*Eins og ég segi, maður heyrir stjórnmálamenn tala um fræðimenn og um [greinargerðir] frá þessum fræðimönnum, eins og þeir hafi bara ekkert vit á málunum*“. Hér ríkir tilhneiging til þess að afgreiða mál og ýta út af borðinu án þess að taka tilhlýðilegt tillit til fræðilegra álitamála, að mati sumra viðmælanda. Þjóðarsálina virðist með öðrum orðum, skorta úthald í uppbyggilega orðræðu. Gagnrýni er einatt lögð að jöfnu við neikvæðni. Það gátu aðskildir viðmælendur vottað. „*Og maður vill náttúrulega ekki að fólk haldi að maður sé neikvæður*“, sagði Börkur.

Að þessu sögðu er vert að varpa fram spurningum sem snúa að viðteknum viðhorfum og þankagangi í íslensku þjóðfélagi almennt. Imprað var á því, fyrr í þessari greinargerð, að ákveðinnar tilhneigingar gætti héraendis, í þá veru að upphefja mannkosti á borð við röggsemi og drifkraft (hugsanlega á kostnað annarra, svo sem varkárni og framsýni). Látið var að því liggja að þetta sjónarmið kristallaðist í þeirri umræðu sem snúid hefur að útrás íslenskra fyrirtækja. Því er oft haldið fram að góðan árangur á þeim vettvangi megi rekja til skjótrar ákvarðanatöku og áræðis. Stundum er jafnvel talað um innbyggðan frumkvöðlaanda sem býr í þjóðinni. Af þessari umræðu að dæma eru Íslendingar sérdeilis hugfangnir af þeirri sjálfsmynd sem lýsir þeim þannig að þeir láti verkin tala og séu reiðubúnir að „kýla á það“ þegar tækifæri gefst, en viðhafi ekkert hálfkák. Það hefur líka komið fram að viðmælendur gátu tengt þennan hugsunarhátt við umhverfið innan háskólasamfélagsins. Það var kallað: „*þetta-reddast-hugarfar*“. Þá var talað um að það kæmi til árekstra á milli þessa þankagangs og hugarfars vísindamannsins, sem (samkvæmt skilgreiningu að minnsta kosti) er forsjáll og varfærin. Getur hugsast að þetta séríslenska hugarfarsafbrigði stríði beinlínis gegn vísindalegum þankagangi? Er með skynsamlegum rökum hægt að tengja þetta hugarfar við þann „*forkastanlega skort á framsýni*“ á sviði menntamála á Íslandi, sem einn viðmælandi nefndi svo og fleiri gerðu að umtalsefni? Og er það þá bara tálsýn að íslenskt sam-

félag sé upplýst samfélag? Nærtækast er að spyrja hvaðan sé að vænta þrýstings sem knýr fram þá aukningu fjárframlaga til háskólanna, sem flestir viðmælendur töldu að þörf væri á, ef það er viðbragð alls þorra manna að hrakyrða aðferðir og eigindir fræðimannsins.

Hvert stefnir?

Fyrst borist hefur í tal, að vegna bæði mannfæðar og ónógrar umræðu-hefðar, kinoki margir sér við því að gagnrýna menn og málefni, er ekki úr vegi að gefa gaum að viðhorfum viðmælenda til hinna metnaðarfullu markmiða Háskóla Íslands, sem meðal annars miða að því að Háskólinn komist í röð hundrað fremstu æðri menntastofnana í heiminum. Í stefnu-yfirlýsingu Háskólans er raunar gert ráð fyrir umbótum á mörgum þeim þáttum í starfi skólans, sem hér hafa verið sýndir í gagnrýnu ljósi af kög-unarhóli tíu íslenskra doktora. En hvað segja doktorarnir um markmiðin?

Skemmst er frá því að segja að viðmælendur litu það almennt jákvæðum augum að ákveðin umræða hefði skapast í kringum háskólastigið á síð-ustu misserum. Hins vegar voru þeir í flestum tilfellum vantrúaðir á að markmið Háskóla Íslands væru raunhæf. Í sumum tilfellum var jafnvel gefið í skyn að tiltekin markmið væru vanhugsuð.

Viðmælendur voru einkum vantrúaðir á að raunverulegur vilji væri fyrir hendi til að standa straum af þeim kostnaði sem þessi háleitu markmið út-heimta óhjákvæmilega. Meðal þess sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu Háskóla Íslands, er að nú eigi að fjölga birtingum fræðigreina í ritryndum alþjóðlegum fagtímaritum.²⁰ Það er út af fyrir sig ekki umdeilt að stefna beri að því að birta efni á alþjóðlegum vettvangi. En um málið hafði Börk-ur þetta að segja:

Það er bara ekki hægt að hugsa svona. Það er hægt að hugsa svona eftir á. Þetta er eins og að vera með fótboltið og segja: „nú þurfum við að fara að skora mörk“. Það verður að byggja upp. Og það að birta í Science og Nature kostar milljónir dollara og tekur 10–15 ár. Það er ekki eins og það sé takki sem er bara hægt að ýta á. Þetta er eitthvað sem tekur langan, langan tíma.

²⁰ Háskóli Íslands [2006].

Til þess að ná settu markmiði þarf töluvert meira en eintóma bjartsýni og engar skyndilausnir eða reddingar munu fleyta mönnum að endamarkinu. Þá er stefnt að því að nær tvöfalda fjölda doktorsnema á allra næstu árum. Komið hefur fram að meðal þeirra þátta, sem viðmælendur töldu gera menntastofnun að spennandi vinnustað, væri öflugt rannsóknarnám. Því tóku þeir vel í hugmyndir þar að lútandi, en með afgerandi fyrirvara þó. Það var mat manna að tilgangurinn með eflingu doktorsnáms væri óljós eða miðaðist fyrst og síðast við hagsmuni Háskólans fremur en nemenda. Karlotta Ófeigsdóttir segir:

Jú, við fáum kannske ódýrar rannsóknir meðan þeir eru að rannsaka þessir nemendur. Við fáum ódýrar niðurstöður rannsókna. En hvað bjóðum við síðan þessu fólki upp á eftir allt þetta nám. [...] Ég skal ekki segja hvort við höfum þörf fyrir það. En það er svo annað mál hvort við getum það. Getum við boðið fólki einhver laun, einhver starfsskilyrði í samræmi við sko hvað það er búið að „investera“?

Þegar hefur verið gerð grein fyrir því að doktorarnir töldu að eftirspurnin eftir slíkri menntun væri hreinlega ekki fyrir hendi hérlendis. Og Karlotta lýsir áhyggjum yfir því að íslenskar doktorsgráður muni ekki verða fólki mjög til framdráttar erlendis:

[Þessar alþjóðlegu stofnanir] líta varla við fólki nema frá þessum topp skólum. Það er LSE og það er Oxbridge og svo Yale og Stanford og Harvard. [...] Og fólk á þessu félagsvísindasviði það á ekki neitt óskaplega mikla möguleika erlendis. Þannig að þú verður kominn með mikið „overkill“ í félagsvísindaheiminum.

Áherslan er á það að málin verði skoðuð heildstætt og að menn skirrist ekki við að hugsa ferlana á enda. Því hverju eru menn bættari með ofmenntað vinnuaf? Nauðsynlegt er að framkvæma þarfagreiningu fyrir doktorsnám og undirbúa jarðveginn frá öllum hliðum. Ef á annað borð er talið æskilegt að hleypa aukinni þekkingu inn í atvinnulífið, verður bæði að tryggja og sýna fram á að eftirspurnin verði fyrir hendi. Gagnrýni viðmælenda, í þessu efni sem öðru, hefur að stórum hluta snúið að tilhneig-

ingu Íslendinga til að renna blint í sjóinn og gera sér í hugarlund að allt verði í himnalagi.

Þá höfðu margir viðmælendur orð á að akkur væri í því að senda fólk til náms við erlenda háskóla. Það skapaði nauðsynlega hugmyndafræðilega fjölbreytni innan vísindasamfélagsins. Þeir sem kvörtuðu undan því að biðraðamenning innan Háskólans drægi taum heimaalinnna fræðimanna lögðu t.a.m. mikla áherslu á það að aukning í rannsóknarnámi hérlandis mætti ekki verða til þess að leggja enn einn stein í götu þeirra sem afráða að sækja sína þekkingu til annarra landa – það væri bæði óráðlegt fyrir íslenskt vísindasamfélag og ekki síður ósanngjarnt gagnvart síðarnefnda hópnunum.

Þessu tengist aftur umræðan um hagkvæma stærð deilda og stofnana. Ítrekað var bent á það í viðtölum að hérlandis gætti tilhneigingar til að stofnsetja skóla, deildir og námsleiðir, án þess að nokkur grundvöllur væri fyrir því að stunda hágæða rannsóknir eða kennslu. Viðkvæði viðmælenda var einatt það að í slíkum tilfellum væri betra að styrkja fólk til náms í útlöndum þar sem aðstæður væru betri og menntunin að sama skapi verðmætari. Það væri einber sólundun á fjármagni að dreifa því á litlar einingar sem afköstuðu litlu. Í þessu efni gerir margt smátt ekki eitt stórt. Margt smátt er og verður margt smátt. Það var samdóma álit viðmælenda að ekki rúmuðust mjög margar háskólastofnanir í svo litlu landi sem Ísland er. Þeir óttuðust það mjög að dreifing fjármagnsins hefði það í för með sér að sú stofnun sem einna helst ætti möguleika á að standast alþjóðlegan samburð liði fyrir það að haldið væri uppi kennslustofnunum víðsvegar um landið.

Til umhugsunar

Hér að framan hafa verið rakin sjónarmið tíu íslenskra fræðimanna, sem allir eiga það sammerkt að hafa sótt nám og í lengst erlendis, mismengi þó. Sem fyrr greinir er um tíu sögur að ræða, sem eru um margt ólíkar. En það má jafnframt greina ákveðinn samhljóm í viðhorfum sögumannanna tíu, samhljóm sem oft og tíðum er ákaflega sterkur. Þess ber að geta að þegar raktar eru sögur einstaklinga verður ekki hjá því komist að viðurkenna huglægni þeirra upplýsinga sem unnið er með. Því ber, framar öðru, að líta á þá mynd sem dregin hefur verið upp af íslensku samfélagi og menntaumhverfi sem *ímynd*. En því má heldur ekki gleyma að ímyndir hafa áhrif, bein bæði og óbein.

Greint hefur verið frá því, í stuttu máli, hvaða þættir hafi mótandi áhrif á starfsferil vísindamannanna. Einna athygliverðast er hversu mikla áherslu viðmælendur lögðu á samfélagsgerð og umhverfi. Fram kom að velferðarmál, fjölskylduvænt umhverfi, uppeldis- og skólamál voru viðmælendum ofarlega í huga, svo fátt eitt sé nefnt. Allt eru þetta vísbendingar um það hvers kyns þjóðfélag getur dregið til sín hámenntað starfsfólk. Það virðist líka ljóst af því sem fram hefur komið að menningarleg umgjörð hefur mikið að segja, líka fyrir þá sem hafa tiltölulega litla tilhneigingu til að sækja menningarviðburði og fást ef til vill við allsendis ólíka hluti í starfi.

Að vissu leyti er það alveg viðbúið að fólk líti fyrst til hinna hagnýtu og „hörðu“ vísinda þegar talið berst að því orsakasambandi sem ríkir á milli öflugs rannsóknastarfs og efnahagslegrar hagsældar. Það er jú á þessum sviðum, sem standa atvinnulífinu tiltölulega nærri, sem tækni framfarir verða að veruleika og verða í sumum tilfellum að söluvöru. En hins vegar virðist mega draga þá ályktun af ummælum viðmælanda í þessu samhengi að hið skapandi umhverfi sem vísindalegar framfarir spretta úr nái langt út fyrir tilraunastofuna og þröngan hóp samstarfsmanna. Sú áhersla sem komið hefur fram að viðmælendur leggi á upplýsta umræðu um margvísleg málefni sýnir, svo ekki verður um villst, hvernig óskyld fræðasvið kalla óbeint hvert á annað. Í þessu birtist mikilvægi hug- og félagsvísinda. Auk

Þess að skýra undirstöður og forsendur vísindastarfs í viðum skilningi og greina þau félagslegu og siðferðilegu álitamál sem vísindarannsóknir hafa í för með sér, skapar sterkur grundvöllur hug- og félagsvísinda mikilvægan hluta af því umhverfi sem vísindafólk vill lifa í. Þetta rennir styrkum stöðum undir skoðanir þeirra sem halda því fram að öflugt starf í hug- og félagsvísindum, auk hvers kyns menningarstarfsemi, sé í raun óaðskiljanlegur hluti af þekkingarsamfélaginu og framförum á sviði hagnýtra vísinda. Umfram allt virðist sem spurningin um það hvernig samfélag geti laðað að sér hæfileikafólk, snúist um meira en aðfangakostnað, iðnframleiðslu og viðskiptajöfnuð. Stóra spurningin er: Í hvernig samfélagi vil ég búa?

Þá hefur einnig komið í ljós að vísindamennirnir sem þátt tóku í þessari rannsókn tengjast Íslandi sterkum tilfinningaböndum sem þau vilja gjarnan að gangi í erfðir til barna þeirra. Það er raunar þessi þáttur sem togar Íslendinga helst til heimalandsins. Og ýmislegt er eftirtektarvert í þessu efni. Fyrst má geta þess að hér hefur íslenskt vísindasamfélag vissa forgjöf. Það eru fleiri ástæður en bara þær faglegu sem íslenskir vísindamenn hafa fyrir því að starfa hérlendis. En sú spurning vaknar líka, hvernig megi koma til móts við þessar þarfir fyrir félagslega tengingu, ekki síst fyrir ungmenni sem fylgja foreldrum á erlendar slóðir. Það má til dæmis leiða hugann að því hvort unnt sé að nýta upplýsingatæknina til þess að auka framboð á íslensku námsefni fyrir þennan hóp og þá sérstaklega í sambandi við tungumálanám. Það vakti athygli að þeir viðmælendur sem dvalið höfðu erlendis sem börn litu starfsferil á erlendri grundu gjarnan í jákvæðara ljósi. Það kann að gefa ríkari ástæðu til þess að efla tengslin við þennan hóp. Enda má ætla að hann búi yfir nokkuð sérstakri, eða alltént frábrugðinni (og þar með í vissum skilningi verðmætri) reynslu.

Þegar kemur að tengslum við vísindasamfélagið á Íslandi er frá minna að segja. Sambandið virðist fyrst og fremst vera á persónulegum nótum en ekki faglegum. Viðkvæðið er jafnan það að forsendur fyrir samstarfi hafi ekki verið fyrir hendi þar sem hérlendis hafi lítið verið fengist við rannsóknir á því sviði sem viðkomandi fræðimenn hafa gert að sínu. Eðlilegt viðbragð virðist vera að spyrja hvort ekki sé einmitt enn ríkari ástæða til

Þess að leita eftir samstarfi þegar svo er í pottinn bóúð. Er ekki tækifæri til þess að víkka umfang íslenskrar fræðastarfsemi? Með hvaða hætti mætti slíkt vera? Þess var getið að það hafi að mestu verið undir fræðimönnum sjálfum komið að halda sambandinu. Sumir þeirra söknuðu þess að háskólarnir eða menntamálayfirvöld hefðu meira frumkvæði í þeim efnum. Upp kom sú hugmynd að starfrækt yrði nokkurs konar „tengslaskrifstofa“ sem ynni markvisst að því að viðhalda sambandinu við íslenska fræðimenn erlendis og halda til haga upplýsingum um rannsóknir þeirra. Daði Árnason vildi meina að hér væri fyrir hendi vannýtt auðlind þekkingar og tengsla, sem íslensk fyrirtæki og stofnanir, auk háskólanna, gætu haft ómældan hag af.

Þegar til þess er litið að margir viðmælendur sýndu því áhuga að vera hér „með annan fótinn“ en óttuðust hins vegar að „verða innlyksa“ hér um aldur og ævi, virðist allt benda til þess að aðilar hafi gagnkvæman hag af einhvers konar formlegu sambandi. Ein tillaga að útfærslu kallar á athygli. Hugmyndin, sem kom til tals í viðtölum og var borin undir viðmælendur gengur út á viðvarandi „gististöðu“ verkefni, sérstaklega miðað við íslenska fræðimenn sem starfa við erlendar stofnanir. Hugmyndin felur í sér að á hverjum tíma verji einhver ótiltekinn fjöldi íslenskra fræðimanna tíma (t.a.m. rannsóknarleyfi) hér á landi og taki að sér tímabundna stöðu sem fæli í sér kennslu og rannsóknir. Ávinningur af slíku fyrirkomulagi gæti verið margþættur fyrir alla hlutadeigandi aðila. Vísindamönnum gæfist kostur á að „prófa“ umhverfið á Íslandi, bæði eins og það snýr að þeim faglega sem og að fjölskyldu þeirra, án þess þó að um væri að ræða óafturkræfa ákvörðun. Einhverjum kynni að lítast svo vel á sig hér að þeir sæju ástæðu til að snúa heim. Háskólasamfélagið fengi þar liðsauka sem bæri ferska vinda utan úr heimi, auk þess sem fræðimennirnir hefðu með í farteskinu verðmæta tengslamöguleika við fræðimenn annars staðar á jarðkringlunni. Og þá eru ónefndir möguleikar sem kynnu að opnast fyrir stúdenta við íslenskar menntastofnanir, til dæmis hvað varðar nám erlendis. Þetta væri ákveðin útvíkkun á íslensku fræðasamfélagi, þar sem þekking og rannsóknir sem eiga sér stað víða um heim, en erfitt reynist að halda uppi í litlu samfélagi, myndu eiga greiða leið inn í menntakerfið.

Umræðan um það hvernig gera megi íslenskum vísindamönnum kleift að flytjast heim er ekki ný af nálinni. En ýmis ummæli sem komið hafa fram virðast benda til þess að of mikil áhersla hafi verið lögð á að það þyrfti að sækja fólk út og koma því heim fyrir fullt og allt. Hafa ber hugfast að menntun lýkur ekki með gráðu (ekki einu sinni doktorsgráðu). Þekkingin hleður utan á sig með aukinni reynslu og samskiptum við aðra vísindamenn, einkum og sér í lagi þegar stofnanir í hæsta gæðaflokki eiga í hlut. Því er ástæða til þess að reyna að virkja mannaúðinn þar sem hann ávaxtast mest og framúrskarandi háskólastofnanir erlendis eru gróðrarstíur fyrir þekkingu og sambönd. Það getur því verið fólgin í því mikill ávinningur að eiga hauka í horni, þar sem íslenskir fræðimenn eru við störf erlendis. Þessi hugmynd tekur mið af hlutverki doktora í alþjóðlegum þekkingarnetum og miðar að því að tengja varanlegar taugar vítt og breitt. Það má líta á íslenska vísindamenn erlendis sem útverði íslensks fræðasamfélags og stefnuna í heild sem útrás íslenskrar akademíu.

Spyrja má hvort eðlilegt geti talist að verkefni af þessu tagi taki til Íslendinga eingöngu. Sérstaklega þegar alþjóðlegt starfslið er talið menntastofnunum til tekna. En hugmyndin er sú að hér geti íslenskt vísindasamfélag nýtt forgjöfina sem það hefur. Íslenskir fræðimenn hafa ríkari ástæðu til að koma hingað en erlendir, togaflíð er meira og annars eðlis. Því má ætla að þeir dveldu lengur og hefðu meiri áhuga á að taka þátt í uppbyggingarstarfi, að láta gott af sér leiða. Þá má ekki gleyma því að þeir væru fljótari að setja sig inn í málin hér.

Fyrirkomulag á borð við það sem hér er lýst gæti rutt braut fyrir ýmis samstarfsverkefni á milli íslenskra háskóla og erlendra. Þátttakendur í þessari rannsókn, einkum þeir sem fást við rannsóknir í raunvísindum, voru á einu máli um að tækifærin lægju í samstarfsverkefnum. Rannsóknarverkefni verða æ flóknari og sérhæfing verður að sama skapi, sífellt meiri. Sjaldgæft er að einn og sami einstaklingur hafi meira en yfirborðsþekkingu á öllum þáttum rannsóknar. Af því leiðir að kostunaraðilar horfa í ríkari mæli til stærri hópa, en erfiðara reynist aftur á móti að fjármagna smærri verkefni. Óttar Bergsson hefur samtímis starfað jöfnum höndum í

tveimur af Norðurlöndunum. Eitt af því sem gerir fyrirkomulagið áhuga-vert eru einmitt tækifærin til að búa til tengingar á milli ólíkra stofnana.

Það er ekkert sjaldan sem ég er á einhverjum fyrirlestri og hugsa: Heyrðu þessi maður gæti haft gott af því að hafa samband við þennan mann. Og ég er búinn að vera svona eins og hjónabandsmiðlari. Ég er búinn að kúpla saman fullt af fólki, sem annars hefði aldrei kynnst. Og úr því hefur orðið mjög gott og árangursríkt samstarf. Það finnst mér einmitt vera dálítið róm-antískt við þetta allt saman, að vera svona í miðjunni og geta séð. Þetta er eins og menn sem eru að vinna „business to business“. Þeir eru bara að kúpla saman fólki og síðan verður til eitthvað voða apparat úr því. Og það er í sjálfu sér ekkert flóknara en það.

En hefur Ísland upp á eitthvað að bjóða í slíku samstarfi eða yrðu íslenskir vísindamenn í hlutverki ölmusumannsins? Óttar hefur viðrað slíkar hugmyndir við kollega og telur að lífsýnabankar og því um líkt gæti vel verið skiptimynt í þess konar samstarfi. *„Áhuginn er fyrir hendi. Ég held að þetta sé bara spurning um að kúpla saman rétta fólkinu“*. Skorri Arinbjarnarson, sem starfar vestan hafs, segist hafa fundið fyrir áhuga á samstarfi við íslenska fræðimenn, frá norrænum kollegum. Að baki þeim áhuga liggur vilji til þess að stækka verkefni og hópa, gagngert í þeim tilgangi að eiga greiðari leið að fjármagni. Hér eru vafalaust ýmis sóknarfæri.

Þá vaknar önnur spurning: Hefur Ísland upp á einhverja sérstöðu að bjóða á sviði félagsvísinda? Karlotta Ófeigsdóttir vill meina að hér séu viss vanýtt tækifæri. Íslenskt samfélag á við sambærileg vandamál að etja og þekkjast með öðrum þjóðum. Hér, hins vegar er auðveldara að hafa yfirsýn yfir hlutina auk þess sem ferlar ganga miklum mun hraðar fyrir sig hér heldur en í stærri samfélagsheildum. Karlotta segir:

Við eigum alveg topp aðstæður í félagsvísindaheiminum líka til þess að líta á Ísland sem „pilot case“. En við erum ekki nægilega dugleg í því og að markaðssetja okkur sem „pilot case“ [...] Hér gerast prósessarnir svo miklu hraðar, vegna þess að línurnar eru svo stuttar, en við erum með samskonar

prósesa og erlendis. Og þetta þurfum við að nýta okkur miklu betur. Og það er ekki bara í náttúruvísindum og jarðvísindum þar sem Ísland er „laboratorium“. Við getum líka á félagsvísindasviðinu verið „laboratorium“ og það eigum við að nýta okkur miklu betur.

Allar þær hugmyndir sem hér eru raktar eru kostnaðarsamar, hvort sem kostnaðurinn snýr að markaðssetningu eða fjármögnun samstarfsverkefna af einhverju tagi. Taka má hugmyndina um gististöður fyrir íslenska fræðimenn sem dæmi. Ef verkefnið ætti að þjóna tilgangi sínum þarf að miða við að fræðimenn dvelji hér yfir eina til tvær annir. Um leið og viðmiðunartíminn er orðinn þetta langur, þarf að gera ráð fyrir að heil fjölskylda fylgi með – enda hefði slíkt fyrirkomulag aðdráttarafl meðal annars vegna þess að það gæfi fjölskyldu færi á að verja tíma í heimalandinu og „máta samfélagið“, ef svo má að orði komast. Þá þarf fyrst að gera ráð fyrir húsnæði. Það þarf að huga að skólagöngu fyrir börn sem koma úr öðru kerfi og eru hugsanlega ekki samferða jafnöldrum sínum í einu og öllu. Einnig þyrfti fjölskyldan að hafa aðgang að heilbrigðistryggingakerfi. En eins og staðan er í dag þurfa allir þeir sem hafa fasta búsetu erlendis að bíða í sex mánuði eftir því að komast inn í kerfið. Í ofanálag bætist svo kostnaður við þá starfsaðstöðu og skipulag faglegrar starfsemi sem verkefnið krefðist.

Það kom fram að viðmælendur voru nokkuð gagnrýnir á starfsumhverfið á Íslandi. Talið barst að óviðunandi aðstöðu til rannsókna og litlu starfsör-yggi fyrir unga vísindamenn. Ef háskólar á Íslandi eiga að vera aðlaðandi kostur fyrir framúrskarandi fræðimenn, þarf að bæta úr hvoru tveggja. Rætt var um að tími til þess að sinna rannsóknum væri ónógur hér á landi. En Ísland er ekkert einsdæmi í þessu efni því sama umkvörtunarefni er algengt hvar sem borið er niður.²¹ Því verður hins vegar varla á móti mælt að stofnun, sem ætlar sér að vera í fremstu röð, þarf að geta boðið starfsfólki ráðrúm til að sinna rannsóknum. Það skal tekið fram að í stefnuyfirlýsingu frá Háskóla Íslands er drepið á flest þau gagnrýniatriði sem fram komu á

²¹ Sbr. Nerad & Cerny [1999], bls. 7.

starfsumhverfi vísindamanna á Íslandi í viðtölunum. Um það er tvennt að segja. Í fyrsta lagi virðast menntayfirvöld meðvituð um þá agnúa sem viðmælendur bentu á. Það rennir að vissu leyti stöðum undir þá ímynd sem háskólasamfélagið hefur í hugum viðmælenda. En á hinn bóginn undirstríkar gagnrýni viðmælendanna, sem hér hefur verið lýst, hve mikilsverð markmið Háskólans eru. Það fer því ekki hjá því að ákveðinn samhljómur ríki þarna á milli, þó svo að gagnrýnin hafi verið hvöss. Það ber að róa að því öllum árum að ná settum markmiðum.

Einnig kom fram að viðmælendur sjá ýmis vandkvæði á því að færa sig úr fræðumhverfinu yfir á almennan vinnumarkað. Meðal annars töldu þeir atvinnulífið ekki sýna rannsóknarmenntun nægilegan áhuga, jafnvel að þar gætti ótta við nýjan hugsunarmáta. Engum dylst að mikill drifkraftur býr í íslensku atvinnulífi. Stundum er jafnvel talað um innbyggðan frumkvöðlaanda. Það skýtur hins vegar skökku við þegar samfélag sem stærir sig af „innbyggðum frumkvöðlaanda“ ber ugg í brjósti yfir nýjum hugsunarhætti. Líklega er það nær sanni, að frumkvöðlaandann megi rekja til áhrifamáttar ytri aðstæðna en einhverra eðlisorsaka. Í litlu samfélagi knýr nauðsyn menn til þess að sýna áræði og sveigjanleika, grípa tækifærin þegar þau gefast og tileinka sér ákveðna fjölhæfni. Það má vissulega til sanns vegar færa að í atorku og stórhug gefi að líta nauðsynleg skilyrði fyrir veraldlegri velgengni, en þessir mannkostir eru hins vegar engan veginn nægjanleg skilyrði. Viljinn er ekki allt sem þarf. Það þarf líka að koma til efniviður og sá efniviður, sem verðmættastur er í tæknivæddu nútíma-samfélagi, er þekking – ný þekking sem brýtur blað. Það er af þekkingu sem nýjar hugmyndir spretta og af nýjum hugmyndum verður til auður. Öflugar frumrannsóknir eru forsenda hagsældar. Um það er vart deilt. Það er þörf á vissri framsýni til að raungera tækifærin sem fyrir hendi eru og þeirrar framsýni söknuðu margir viðmælenda.

Það er álitamál hvernig beri að háttá samstarfi á milli háskóla og atvinnulífs, hversu mikill hluti rannsókna og þróunarstarfs eigi að fara fram innan fyrirtækjanna, hversu mikla þekkingu fyrirtækin eigi að geta sótt inn í skólana og þá með hvaða hætti. Í þessu samhengi vakna margvíslegar spurningar, meðal annars um sjálfstæði æðri menntastofnana. Að hve

miklu leyti er það atvinnulífsins að standa straum af kostnaði við kennilegar rannsóknir? Eiga hagnýtar rannsóknir heima í háskólunum? Þessi umræða leiðir hæglega út í vangaveltur um það umhverfi sem fyrirtæki sem stunda grunnrannsóknir og þróunarstarfsemi búa við og hvernig löggjafinn hagar málum á þeim vettvangi. Slík vafamál verða ekki til lykta leidd í þessari atrennu. En eftir stendur að þátttakendur í þessari rannsókn töldu atvinnulífið ekki sýna áhuga á að ráða til sín starfsfólk með doktorsmenntun auk þess sem fram kom að fulltrúar hátæknifyrirtækja sæju litla þörf fyrir slíkt. Það er hins vegar nokkuð á skjön við viðhorf erlendis og ekki síst markaða stefnu stjórnvalda víða um heim, sem bendir til þess að hér séu vannýtt sóknarfæri.

Það má þá e.t.v. taka undir það sjónarmið að akademían verði að mennta vinnumarkaðinn og gera mönnum ljóst hversu rannsóknarmenntun geti verið hagkvæm. En ber ekki líka að líta í eigin barm? Mætti ekki snúa dæminu við og spyrja hvort akademían geti komið til móts við þarfir vinnumarkaðarins með einhverju móti? Spurningin varðar það hvort doktorsnám sem slíkt, miðist um of við akademískan farveg. Mætti fella verkmiðaðri þætti inn í rannsóknarþjálfunina og sameina þannig sérhæfða greiningargetu annars vegar og úrlausnarmiðaða hugsun hins vegar – þetta eru spurningar sem vert er að spyrja.

Flestir viðmælendur töldu að stuðningur fjársterkra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, við vísindarannsóknir væri fremur lítill eða í öllu falli lítt sýnilegur hér á landi. Ekki fer mikið fyrir þeirri menningu sem þekkest víða erlendis, þar sem menn keppast um mannvirðingar með stuðningi við vísinda- og menningarstarfsemi. Það var mál manna að þörf væri á því að auka skriðþunga vísindanna í íslensku samfélagi, skapa andrúmsloft sem upphefur fræðimennsku og gerir það eftirsóknarvert að vera velgjörðarmaður vísindastarfa. Nokkrir viðmælenda kölluðu því eftir vitundarvakningu í þessu sambandi.

Í öðru samhengi kom fram að fræðileg innlegg í þjóðfélagsumræðu væru oft og tíðum illa séð. Talað var um að héraðs ríkti tilhneiging til þess að persónugera skoðanaskipti og að menn skorti úthald eða þolinmæði fyrir

upplýsta umræðu, með þeim afleiðingum að „hlutlægt“ sjónarhorn á mál-efni glataðist og umræðuefni væru ekki til lykta leidd heldur afgreidd. Þessi tilhneiging var aftur skrifuð á reikning smæðar samfélagsins og hugarfars sem á sér rætur í vissri sjálfssímynd sem margir þykjast skynja með Íslendingum. Sú ímynd upphefur áræði og eljusemi, en að margra mati á kostnað annarra mannkosta, svo sem yfirvegunar og forsjálni. Þátttakendur í þessari rannsókn þóttust víða greina vísa að þessu hugarfari, sem kristallast í einkunnarorðunum: „þetta reddast!“. Nokkrir viðmælendur gáfu í skyn að þetta hugarfar torveldaði ungum vándamönnum að fóta sig á atvinnumarkaði hérlendis, þar sem það getur af sér ótraust starfsumhverfi. Það var jafnvel talað um hugarfarsárekstra á milli þessa íslenska hugsunarháttar og viðmóts fræðimannsins. Ef það er réttlætanlegt að tengja umrætt hugarfar við þann „forkastanlega skort á framsýni“ sem sumir viðmælendur töldu að lægi að baki fjárskorti og öðrum vandamálum sem háskólarnir búa við, þá má segja að það sé að stórum hluta, viss sjálfssímynd sem orsakar neikvæða þætti í íslensku fræðaumhverfi og geri Ísland að sumu leyti að fráhrindandi áfangastað fyrir vísindamenn. Því á meðan þessi sjálfssímynd nýtur hylli er hætt við að mótvægið við hana, sem tákngerist í gagnrýnu hugarfari vísindanna, verði út undan (og veki minni áhuga fjárfesta). Það er ekki hægt að byggja upp vísindasamfélag á þeim forsendum að málin reddist. Slíkur hugsunarháttur felur í sér innri mót-sögn.

Þessu til samræmis eru gagnrýnin ummæli, sem viðmælendur viðhöfðu, ekki túlkuð sem áfellsidómur yfir einstökum aðilum eða stofnunum. Það má segja að þau snúi að ákveðinni rótgróinni þrákelkni svo að sanni nær væri því að tala um sjálfsgagnrýni. Ef eitthvað er hæft í þessum hugmyndum er mikilvægt að það komi til vitundarvakningar. Það ber ekki að benda á aðra og varpa vandanum á milli eins og glóandi kolamola, heldur líti hver í eigin barm og spyrji: „Hvað get ég gert sem er til bóta? Hvar liggur mín ábyrgð?“

Að þessu sögðu er vert að taka fram að vissulega verður horft til þeirra sem gegna ábyrgðarstöðum, stjórnmalamanna og annarra forystumanna í samfélaginu. Það er þeirra að draga vagninn yfir torfarinn veg. Líklega er

rétt að líta svo á að einmitt þar sem gagnrýnin er hvössust séu sóknarfær-
in stærst. Þá er ástæða til bjartsýni og þörf fyrir áræði bæði og yfirvegun.

Heimildir

Academy of Finland [2003]: “PhDs in Finland: Employment, Placement and Demand”, Helsinki.

Avveduto, Sveve [2001]: “International Mobility of PhDs”, Innovative People: Mobility of Skilled Personnel in National Innovation Systems, OECD.

ESB [2006a]: “Marie Curie International Reintegration Grants Handbook – European Commission Research Directorate General Human Resources and Mobility”, <http://europa.eu.int/mariecurie-actions> (niðurhalað í júní 2006).

ESB [2006b]: “Creating an Innovative Europe: Report of the Independent Expert Group on R&D and Innovation”, European Communities.

Gluszynski, Tomasz & Peters, Valerie [2005]: “Survey of Earned Doctorates: A Profile of Doctoral Degree Recipients”, Minister of Industry, Canada.

Golde, Chris M. & Walker, George [2002]: “Overview of the Carnegie Initiative on the Doctorate”, Carnegie Foundation for the Advancement of Teaching.

Hagstofa Íslands [2006a]: “Háskólar: Nemendur, námsbrautir og kyn 1975-2005”; <http://www.hagstofa.is/?PageID=783>.

Hagstofa Íslands [2006b] “Háskólar: Starfsfólk eftir aldri stöðuhlutfalli og menntun 2000-2005”; <http://www.hagstofa.is/?PageID=783>.

Hagstofa Íslands [2006c] “Háskólar: Starfsfólk eftir starfsheitum, tegund skóla og búsetu 2000-2005”; <http://www.hagstofa.is/?PageID=783>.

Háskóli Íslands [2006], “Stefna Háskóla Íslands 2006-2011”.

Margrét Valdimarsdóttir [2006]: Vöxtur Nýsköpunarfyrirtækja: forsendur og möguleikar, Rannsókn á vegum Rannís, styrkt af Nýsköpunarsjóði íslenskra námsmanna.

Martinelli, Daniel [2001]: “Labour Market Entry and Mobility of Young French PhDs”, Innovative People: Mobility of Skilled Personnel in National Innovation Systems, OECD.

Nerad, Maresi & Cerny, Joseph [1999]: “Postdoctoral Patterns, Career Advancement, and Problems“, The American Association for the Advancement of Science.

Neuman, W.L.[2003]: Social Research Methods: Qualitative and Quantitative Approaches – 5th ed., Allyn & Bacon, Boston MA.

OECD [2006a]: “Labour Market Characteristics and International Mobility of Doctorate Holders: The Case of Five Countries“.

OECD [2006b]: “Skýrsla sérfræðinga á vegum OECD um æðri menntun á Íslandi – OECD Thematic Review of Higher Education Country Note Iceland 2006“, (Samantekt og íslenskur útdráttur).

Rúnar Vilhjálmsson [2005]: “Gæðavandinn á háskólastiginu: Eðli og ástæður“, Rannsóknir í félagsvísindum VI, Félagsvísindastofnun HÍ, Reykjavík.

What do PhDs Do?: Destinations of all PhD graduates. Má finna á slóðinni: www.grad.ac.uk/cms/ShowPage/Home_page/Resources/What_Do_PhDs_Do/

